

Milli mála

Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur
í erlendum tungumálum

1. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Magnús Sigurðsson
Rebekka Þráinsdóttir



STOFNUN
VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM


Prentsmiðjunni Odda er þakkaður stuðningur við útgáfu ársritsins

Ritrýnum ársritsins er þakkað þeirra framlag



Háskólaútgáfan
Reykjavík 2009

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar efnis

Umbrot: Háskólaútgáfan
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja 

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda.

U200952
ISBN 978-9979-54-869-0

Frá fornum málum til nýrra Um kennslu erlendra tungumála á Íslandi í sögulegu ljósi

1. Inngangur

Kunnátta í erlendum tungumálum hefur löngum verið lykill Íslendinga að samskiptum við umheiminn. Álitid er að á fyrstu öldunum eftir landnám hafi þeir getað notað tungu sína í samskiptum við Norðmenn og suma aðra norræna menn en þegar á þrettánda og fjórtánda öld hafi norræn tunga þróast í ólíkar áttir.¹ Síðan hafi öll samskipti við útlönd að meira eða minna leytir byggst á kunnáttu í erlendum tungumálum. Sú kunnátta hefur verið með ýmsu móti og er þar að mörgu að hyggja. Til dæmis skiptir máli hvaða þjóðir Íslendingar hafa haft nánust tengsl við á hverjum tíma og hvernig samskiptum við þær hefur verið háttað. Áhrif útlendinga hér á landi varða hér einnig miklu en þau hafa tekið á sig ólíkar myndir í aldanna rás. Helgi Þorláksson leiðir t.d. rök að því að vegna umsvifa Þjóðverja hér á landi á sextánda öld hafi kunnátta Íslendinga í þýsku verið umtalsverð á þeirri tíð og dæmi séu um að menn hafi bæði lesið og skrifað lágþýsku.² Með

¹ Hreinn Benediktsson, „Uppþök íslenzks máls“, *Þættir um íslenzket mál*, ritstj. Halldór Halldórsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1964, bls. 9–28, hér bls. 27–28; Veturlíði Óskarsson, *Middelnedertyske låneord i islandskt diplomatsprog frem til år 1500*, ritstj. Finn Hansen og Jonna Louis-Jensen, Kaupmannahöfn: C.A. Reitzels Forlag, 2003, bls. 33–34; Sigurður Pétursson, „Erlend tungumál á Íslandi á 16. og 17. öld“, *Skírmir* 178 (haust)/2004, bls. 291–317, hér bls. 291.

² Helgi Þorláksson, „Undir einveldi“, *Saga Íslands* VI, ritstj. Sigurður Línadal, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 2003, bls. 1–211, hér bls. 151.

siðaskiptunum og eflingu konungsvalds í kjölfar þeirra jukust áhrif Dana til mikilla muna og að sama skapi samskipti á dönsku. Og vegna tengsla við þýska siðbótarmenn lögðu ýmsir sig eftir því að lesa rit á þýsku og þýða úr málinu. Má þar t.d. nefna þýðingar á sálmum og öðru efni trúarlegs eðlis.³ Íslendingar hafa um aldir sótt menntun til útlanda⁴ og í því sambandi gegndi latínukunnátta lykilhlutverki langt fram eftir öldum. Á sextánda og sautjándu öld leituðu allmargir Íslendingar sér mennta í Norður-Þýskalandi sem vafalítið hefur ýtt undir þýskukunnáttu⁵ og þegar Íslendingar fóru í vaxandi mæli að sækja sér menntun til Danmerkur eftir siðaskiptin stuðlaði það að kunnáttu í dönsku.

Heimildir sýna að allmargir Íslendingar hafi lært að lesa og skrifa erlend mál upp á eigin spýtur en aðrir hafi notið leiðsagnar í skólum og hjá einkakennurum eða við óformlegri aðstæður hjá góðum málamönnum. Með tilkomu skóla varð tungumálakennsla snar þáttur í starfsemi þeirra. En skipulögð tungumálakennsla er vita-skuld ekki bara háð þróuninni heima fyrir heldur er hún jafnframt hluti af straumum og stefnum erlendis. Snemma skapaðist t.d. hefð fyrir því víða um lönd að kenna latínu sem varð þar með samskiptamál lærðra manna. Tengsl Danmerkur og Þýskalands urðu til þess að þýska hafði sterkasta stöðu hér af nýju málunum á nítjándu öld. Það var hins vegar tiltölulega nýtt af nálinni að farið var að kenna og nota ensku sem eins konar „lingua franca“ um aldamótin nítján hundruð. Nú hefur enska náð því líkri útbreiðslu á heimsvísu að slíkt á sér enga hliðstæðu í gervallri mannkynssögunni. Tungumálakennsla hér á landi hefur ekki farið varhluta af þessari þróun.

Hér verður fjallað um þróun tungumálakennslu í latínuskólunum og arftökum þeirra. Fyrst verður vikið stuttlega að tungumálakennslunni í stólsskólunum í Skálholti og á Hólum og síðar í hinum sameinaða skóla á Hólavelli og loks á Bessastöðum. Megin-

³ Páll Eggert Ólason, *Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*, Reykavík: Prensismiðjan Gutenberg, 1924.

⁴ Sjá m.a. Jónas Gíslason, „Utanfarir Íslendinga til háskólanáms fyrir 1700“, *Árbók Háskóla Íslands 1980–1981* (fylgirit), Reykjavík, 1983; Sigurður Pétursson, „Erlend tungumál á Íslandi á 16. og 17. öld“; Jón Helgason, *Hvad Københavns Universitet har betydet for Island*, Kaupmannahöfn: Dansk-Islandsk Samfund, 1926.

⁵ Sigurður Pétursson, „Erlend tungumál á Íslandi á 16. og 17. öld“, bls. 303–305; Jónas Gíslason, „Utanfarir Íslendinga til háskólanáms fyrir 1700“, bls. 6–10.

efni greinarinnar er þó kennsla erlendra mála í Lærða skólanum í Reykjavík á seinni hluta nítjándu aldar og hvernig þróun hennar tengist ólíkum viðhorfum í þjóðfélaginu til erlendra tungumála og hlutverks þeirra.

2. Tungumálakennsla í latínuskólunum á Hólum og í Skálholti

Með kristnitökunni skapaðist þörf fyrir presta sem gátu sungið messu á latínu. Upphaf formlegrar tungumálakennslu í skólum má því einkum rekja til latínukennslu í prestaskólunum, þ.e. í stólsskólunum í Skálholti og á Hólum, en einnig til klausturskóla⁶ og einkaskóla í Haukadal og Odda sem reknir voru af prestum. Jón Ögmundsson, fyrsti biskupinn á Hólum, stofnaði þar skóla og fékk til hans erlenda kennara, m.a. Gísla Finnason rektor frá Svíþjóð sem kenndi latínu og Biblíuskýringar.⁷ Sigurður Pétursson telur að einhver latínukunnátta hafi fljótlega borist til Íslands með kristnum mönnum en ekki sé með öllu ljóst hvernig sú kunnátta hafi þróast og einnig sé margt á huldu um latínukunnáttu Íslendinga á miðöldum. Víða megi finna heimildir um notkun latínu og um latínukennslu en erfitt sé að glöggva sig á hve almenn og samfelld notkun hennar hafi verið og hvort kennslan hafi staðið óslitið allar miðaldir.⁸

Í bókinni *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi 1552–1846* fjallar Guðlaugur R. Guðmundsson um starfsemi stólsskólanna eftir siðaskiptin en með kirkjuskipan Kristjáns III. urðu breytingar á skipulagi þeirra. Latínuskólarnir voru settir á stofn með reglugerð Páls Hvitfeldts árið 1552 og tók Hólaskóli til starfa það sama ár en Skálholtsskóli ári síðar. Í kirkjuskipaninni var latínu skipað í öndvegi, samanber heitið „latínuskóli“. Markmiðið með latínukennslunni var að nemendur gætu notað

⁶ Janus Jónsson, „Saga latínuskóla á Íslandi til 1846“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 14/1893, bls. 1–97, hér bls. 26–31.

⁷ Jónas Gíslason, „Utanfarir Íslendinga til háskólanáms fyrir 1700“, bls. 5–8.

⁸ Sigurður Pétursson, „Erlend tungumál á Íslandi á 16. og 17. öld“, bls. 292–297; Sigurður Pétursson, „Latin Teaching in Iceland after the Reformation“, *Reformation and Latin Literature in Northern Europe*, ritstj. Inger Ekrem, Minna Skafté Jensen og Egil Kargerup, Osló: Scandinavian University Press, 1996, bls. 106–122.

málið til tjáskipta og að þeir fengju innsýn í menningu Rómverja enda voru málfræði og klassískar bókmenntir í hávegum hafðar. Í kirkjuskipaninni er að finna skrá yfir námsefni hvers bekkjar og enda þótt hún sé ekki talin vera bein heimild um það efni sem notað var í reynd er vitað að hluti þess var notaður í Skálholti og á Hólum.⁹ Heimilt var að kenna undirstöðuatriði í grísku svo fremi að kennslan kæmi ekki niður á latínukunnáttunni. Auk latínunnar átti uppistaðan í náminu að vera mælskufræði og rökfræði.¹⁰

Áður en piltar hófu nám í latínuskólunum höfðu þeir þegar lært skrift og lestur og fengið nokkra undirstöðu í latínu. Þýðingar voru snar þáttur í náminu. Skólapiltar þurftu sjálfir að kljást við að skilja latneska texta en kennarar vöktu athygli þeirra á málvarslegum atriðum og upplýstu þá um notkun orða og orðatiltækja.¹¹ Skólapiltar lærðu málshætti og orðtök um góðar dyggðir og hagnýta lífsspeki sem duga máttu í siðferðilegu tilliti. Lestur sígildra bókmennta var í öndvegi og kennarar fjölluðu um efni verkanna og höfunda þeirra svo sem glögggt má sjá á eftirfarandi lýsingu á latínukennslunni á Hólum upp úr miðri átjándu öld:

En þegar kom í efra bekk, var af alvöru horfið að hinum sígildu latnesku höfundum. Var venjulega byrjað á Cornelius Nepos eða Suetonius, síðan lesnar nokkrar bækur úr Justinusi, svo og úr Æneasar-drápu Virgils, og Metamorphosis eftir Ovidius. Þeir sem lengst voru komnir eða bezt voru að sér, lásu einatt „utan hjá“ aðra latneska fornhöfunda, t. d. bréf og ræður Ciceros, bréf og kvæði Hórazar o. fl. Nú var einnig farið að kenna latneska bragliðafræði (prosodia) og að æfa pilta, er lengst voru komnir, í latneskri versagjörð.¹²

Samkvæmt sömu heimild var áhersla lögð á að kenna skólasveinum grundvallaratriði latneskrar málfræði. Tveimur dögum milli

⁹ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi*, Reykjavík: Iðnú, 2000, bls. 133–134.

¹⁰ Sama rit, bls. 133–135.

¹¹ Sama rit, bls. 137.

¹² Jón Helgason, *Meistari Hálfaldán. Æfi- og aldarfarslýsing frá 18. öld*, Reykjavík: E. P. Briem, 1935, bls. 61.

klukkan tvö og fimm síðdegis var varið til latneskra stílaæfinga og á laugardögum var jafnlangur tími notaður til að æfa pílta í að snúa upplesnum latínukafla úr einhverju sígildu riti á íslenska tungu og einnig kom fyrir að latnesk verkefni voru þýdd á dönsku. Lestrarfærni var einnig nauðsynleg í öðrum greinum þar sem stærsti hluti námsefnisins var á latínu. Til að auðvelda nemendum að tjá sig og koma viðstöðulítið fyrir sig orði var notuð „Nomenclator“ sem hafði að geyma safn latneskra orða og orðatiltækja sem gagnast máttu í daglegu tali.¹³

Sigurður Pétursson segir að með kirkjuskipaninni hafi verið stefnt að því að koma á alþjóðlegu menntakerfi hér á landi í anda húanismans með latínuna í öndvegi. Ekki hafi það gengið þrautalaust fyrir sig framan af vegna skorts á kunnáttufólki í latínu. Smám saman hafi þó orðið breyting á þessu; heimildir gefi vísbendingar um að latínukunnátta útskrifaðra skólapilta hafi aukist og þá einkum fyrir tilstilli manna á borð við Guðbrand Þorláksson Hólabiskup, Odd Einarsson biskup í Skálholti og Arngrím Jónsson hinn lærða. Í latínuskólunum var skylda að nema latneska ljóðagerð og Sigurður bendir á að í riti Arngríms lærða, *Brevis commentarius de Islandia* sem út kom í Kaupmannahöfn árið 1593, sé að finna latínukvæði ort af ungum Íslendingum höfundinum til heilla. Kvæðin eru elstu varðveittu dæmin um slíkan tækifæriskveðskap eftir siðaskipti.¹⁴ Í öðru samhengi vekur Sigurður Pétursson athygli á því að vísbendingar séu um að hlúð hafi verið að latínukunnáttu víðar en í stólsskólunum, t.d. á Munkaþverá þar sem Magnús Jónsson lögmaður hélt skóla um miðbik sautjándu aldar.¹⁵

Grískukennsla var heimiluð í kirkjuskipaninni en ekki var sérstaklega til hennar hvatt. Sigurður Pétursson telur ósennilegt að kennslan í grísku hafi verið skipuleg eða rist djúpt framan af en ætla megi að það hafi smám saman breyst; þannig sé vitað um íslenska stúdenta í Höfn laust fyrir aldamótin 1700 sem bjuggu að

¹³ Sama rit, bls. 60–61.

¹⁴ Sigurður Pétursson, „Erlend tungumál á Íslandi á 16. og 17. öld“, bls. 295–296.

¹⁵ Sigurður Pétursson, „Hvað má lesa úr slitrum?“, 38 *vöplur bakadar og bornar fram Guðrínu Ingólfsdóttur fimmtugri 1. maí 2009*, umsjón Guðvarður Már Gunnlaugsson, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2009, bls. 85–87, hér bls. 87.

góðum grunni í grísku.¹⁶ Í stólsskólunum mun hafa verið lesið hrafl í grísku úr Nýja testamentinu og lengst af verið notuð byrjendabók í grísku og kennslan öll mun minni en í latínu. Veraldlegri (profan) grísku munu skólapiltar nánast ekkert hafa kynnst. Almennt er talið að lítið hafi farið fyrir námi í hebresku í stólsskólunum.¹⁷

Einhver dönskukennsla fór fram í stólsskólunum. Í Skálholts-skóla fólst hún í því að skólapiltar áttu að þýða íslenskan leskafla á dönsku hvern fimmtudag frá nýári milli klukkan eitt og fjögur.¹⁸ Í skýrslu Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka frá 3. júlí 1745 er fjallað um próf stúdentsefna á Hólum í júní það sama ár sem honum hafði verið falið að annast að fyrirlagi Harboes. Um prófið segir hann „Þann 17. tók ég til að examinere sér í lagi [hina efstu] á borði, hvern eftir annan. Þá lét ég þá snúa latínu úr prosa [laust mál] og dönsku á íslenzku oraliter, item setja íslenzka grein upp á dönsku.“¹⁹ Af þessu má ætla að dönskukennslan hafi falist í því að láta piltana þýða munnlega úr dönsku á íslensku og skrifa texta á dönsku. Dönskukennsluna ber að skoða í ljósi stöðu Íslands innan danska ríkisins og ýmissa samskipta við Dani jafnt hér heima sem ytra. Þá hafði það mikil áhrif hve margir leituðu sér mennta í Danmörku eftir siðaskiptin.

3. Fornmálin áfram í öndvegi í skólunum á Hólavelli og á Bessastöðum

Árið 1784 var Skálholtsskóli fluttur til Reykjavíkur. Arftaki hans var Hólavallarskóli sem var starfræktur frá 1786 til 1804. Árið 1802 lagðist skólahald af á Hólum og skólinn var sameinaður Hólavallarskóla.²⁰ Haustið 1805 tók Bessastaðaskóli til starfa og stóð skólahald þar fram til vorsins 1846 en þá var hann fluttur aftur til Reykjavíkur.

16 Sigurður Pétursson, „Erlend tungumál á Íslandi á 16. og 17. öld“, bls. 299–300.

17 Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi*, bls. 154–155.

18 Sama rit, bls. 139.

19 Þorsteinn Pétursson, *Sjálfsævisaga síra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka*, Reykjavík: Hlaðbúð, 1947, bls. 44–45 og 53.

20 Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi*, bls. 12.

Þótt geistleg menntun hafi enn um sinn verið ríkur þáttur í starfi latínuskólanna urðu engu að síður ákveðin þáttaskil þegar bein tengsl kirkju og skóla rofnuðu. Flest bendir þó til að námsefni og kennslu-aðferðir í latínu hafi áfram verið með svipuðu sniði. Lesefni í grísku var hið sama og fyrr og voru kröfur í málinu taldar litlar.²¹

Starfsemi latínuskólanna byggðist á kirkjuskipaninni frá því um siðaskipti og hélst hún lengi nánast óbreytt. Árið 1739 gaf einveldisstjórnin út tilskipun um dönsku latínuskólana í því skyni að færa námið til nútímalegra horfs. Þess var m.a. krafist að nemendum væri kennt á móðurmálinu dönsku og að þeir fengju auk þess sérstaka kennslu í móðurmálinu, sögu og landafræði. Ekki gengu þessar tilskipanir eftir og árið 1775 voru þær áréttaðar og undirstrikað að nemendur ættu að hafa vald á máli forfeðranna og geta bæði talað og ritað það rétt. Aukin þjóðernisvitund ýtti undir dönskuvæðingu skólakerfisins og um aldamótin 1800 hafði staða móðurmálsins styrkst verulega.²² Danskan hafði leyst latínuna af hólmi sem kennslumál í Hafnarháskóla og kennslubækur á dönsku urðu æ algengari. Fornmálin gegndu þó áfram veigamiklu hlutverki sem lykill að sameiginlegum menningararfi álfunnar og latínan var enn um sinn helsta vísinda- og samskiptamál lærðra manna.

Starfsemi latínuskólanna hér á landi byggðist á reglugerð frá 1743 en með bréfi til stiftsfirvalda, dagsettu 16. júní 1806, frá Directionen for Universitetet og de Lærde Skoler²³ var mælt fyrir um að nýtt skipulag skyldi taka gildi fyrir Bessastaðaskóla. Skólanum var að öðrum þræði ætlað að vera prestaskóli líkt og stólsskólarnir voru áður en hlutverk hans skyldi nú jafnframt vera að búa skólapilta undir háskólanám og lífið almennt. Í bréfi skólaráðsins er vísað til meðfylgjandi fyrirmæla sem tóku til yfirkennara við dómkirkjuskólann í Óðinsvéum og vörðuðu kennsluáðferðir og tilhögun

²¹ Sama rit, bls. 154–155.

²² Ole Feldbæk, „Skole og identitet 1789–1848. Lovgivning og lærebøger“, *Dansk identitetshistorie 2. Et yndigt land 1789–1848*, ritstj. Ole Feldbæk, Kaupmannahöfn: C. Reitzels Forlag, 1991, bls. 259–324, hér bls. 259–260.

²³ Hinn 3. júlí 1805 var Directionen for Universitetet og de Lærde Skoler sett á laggirnar og var henni ætlað að fara með yfirstjórn latínuskólanna í danska ríkinu sem og Hafnarháskóla, sjá nánar Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan. Et försök till prästskola på Island 1805–1846*, Uppsala: Svenska Kyrkohistoriska föreningen, 1983, bls. 50–53.

kennslunnar þar. Í bréfi skólaráðsins er lagt til að kennarar við Bessastaðaskóla taki mið af þessum fyrirmælum í kennslunni.²⁴ Bréfinu fylgdu einnig fjögur eintök af nýjum námsskipunarreglum (undervisningsplan) fyrir lærðu skólana í Noregi og Danmörku sem stiftsyfirvöldum var falið að færa hverjum og einum kennara Bessastaðaskóla en tekið var fram að tæplega yrði hægt að framfylgja reglunum að öllu leyti við ríkjandi aðstæður. Í reglunum um lærðu skólana er kveðið á um að auk dönsku skuli m.a. kenna frönsku, grísku, latínu, hebresku og þýsku.²⁵ Í ljósi sterkrar stöðu þýskrar tungu í Danmörku og náninna menningar-, stjórn mála- og viðskiptatengsla við Þýskaland²⁶ og vegna margvíslegra samskipta Dana við Frakka og áhrifa þeirra síðarnefndu í álfunni yfirleitt kemur ekki á óvart að þýsku- og frönskukennsla kæmi til skjalanna.²⁷ Í öðru bréfi skólaráðsins til stiftsyfirvalda, einnig dagsettu 16. júní 1806, kemur fram að skólaráðinu sé umhugað um að starfsemi Lærða skólans á Bessastöðum sé í grundvallaratriðum í samræmi við nýjar reglur um lærða skóla í Danmörku og Noregi að svo miklu leyti sem við verði komið. Tilgreindar eru þær námsgreinar sem skuli kenndar m.a. í tungumálum en þær eru, auk móðurmálsins, danska, latína, gríska og hebreska.²⁸ Svo virðist sem menn hafi talið tormerki á því að uppfylla skilyrði almennu reglnanna um lærðu skólana hvað tungumálakennsluna varðar því hvorki var kennd franska né þýska í Bessastaðaskóla. Árið 1809 var gefin út ný reglugerð fyrir dönsku latínuskólana en samkvæmt henni átti einnig að taka upp kennslu í ensku. Sú breyting náði heldur ekki fram að ganga í Bessastaðaskóla.²⁹ Latínan var sem fyrr lykilgrein ásamt grískunni en auk þeirra voru kenndar danska og hebreska, sjá yfir-

24 „Directionen for Universitetet og de lærde Skolers Skrivelse til Stiftsövrigheden i Island ang. Undervisningen i Skolen, og sammes Bibliothek m.v. Khavn den 16. juni 1806“, *Lovsamling for Island VII* (1806–1818), Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst, 1857, bls. 41–75, hér bls. 43.

25 Sama rit, bls. 55–62.

26 Vibeke Winge, „Dansk og tysk 1790–1948“, *Dansk identitetshistorie 2. Et yndigt land 1789–1848*, ritstj. Ole Feldbæk, Kaupmannahöfn: Reitzels Forlag, 1991, bls. 110–149.

27 „Directionen for Universitetet og de lærde Skolers Skrivelse til Stiftsövrigheden i Island, ang. Bessastad Skoles Organisation. Khavn 16. juni 1806“, *Lovsamling for Island VII* (1806–1818), bls. 76–80.

28 Sama rit.

29 Svavar Þór Guðmundsson, *Þættir úr sögu Bessastaðaskóla 1805–1846. Af lektorum, brillistum og nonistum*, Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar, 2006, bls. 34–35.

lit yfir skiptingu vikulegra stunda í hvorum bekk árið 1840–1841:³⁰

Erlend tungumál	Neðri bekkur	Efri bekkur
Latína + latneskir stílar	6	6+2
Gríska	6	6
Danska + danskir stílar	2+2	1+2
Hebreska		2

Tafla 1: Fjöldi vikulegra stunda í erlendum tungumálum í Bessastaðaskóla 1840–1841.

Heimild: Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Bessastaðir. Ættir úr sögu höfuðbóls*, Akureyri: Bókaútgáfan Norðri, 1947, bls. 160.

Hebresk málfræði var auk þess kennd efstu nemendum í neðri bekk tvær stundir í hverri viku. Í hebresku fólst kennslan í málfræði, lestraræfingum, þýðingum og skýringum á Gamla testamentinu. Hebreskunámið var talið mikilvægast fyrir þá sem ætluðu sér að verða prestar en aðrir áttu þess kost að ganga ekki til prófs og var þeim þá gert að lesa tíu bækur af kvæðum Hómers. Almenn forlítið fyrir hebreskunámi í latínuskólunum.³¹

Fjöldi handrita er til með skýringum og þýðingum skólapilta frá Bessastaðaskóla; þar má sjá breytingar á aðferðum í latínukennslunni frá því sem hafði tíðkast í stólsskólunum þar sem kennarar tóku nú að snúa textanum fyrir nemendur í stað þess að þeir þyrftu sjálfir að kljást við þýðinguna:

Kennarar þýddu fyrir piltum hverja latneska eða gríska bók sem þeim var ætlað að lesa. Þeir greindu orð, setningaskipan, uppruna, orðtök og málshætti og skýrðu efnið og fjölluðu um höfundana. Piltarnir rituðu þýðingar eftir kennurunum og voru þær kallaðar *versjónir* en skýringarnar *verba* (sagnir).³²

³⁰ Algengt var að nemendur sætu tvo til þrjá vetur í hvorum bekk. Sumir komu vel undirbúnir til námsins, t.d. eftir kennslu hjá einkakennurum, og var námstími þeirra því oftast styttri. Fjöldi stunda vísar til þess hve mörgum stundum var varið á viku til hverrar greinar í hvorum bekk. Stundafjöldi virðist hafa verið svipaður frá ári til árs en þó má finna frávik. Þannig segir Svavar Þór Guðmundsson í bókinni *Ættir úr sögu Bessastaðaskóla 1805–1846*, bls. 35, að danskir stílar hafi verið kenndir í tvær stundir í báðum bekkjum og útlekking dansks máls í eina stund. Latínu segir hann hafa verið kennda í sex stundir og latneska stíla í tvær stundir í báðum bekkjum.

³¹ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi*, bls. 155–157.

³² Sama rit, bls. 137–138.

Klassísk verk fornaldar voru sem fyrir lögð til grundvallar kennslunnar og þau notuð í tengslum við stílaæfingar auk þess sem unnið var með orðskýringar og stílstefnur sem komu fyrir í verkunum. Fjallað var um málfræði út frá efninu.³³

Danska var kennd í Bessastaðaskóla þrjár stundir í viku í neðri bekk og efri bekk og fólst kennslan einkum í stílagerð og þýðingum. Beiting dönsku, og reyndar einnig latínu, var þó ekki einungis bundin við kennslustundirnar í þessum málum. Á laugardögum voru nemendur efri og neðri bekkjar í einum tíma í ræðumennsku og tjáningu. Nemendur efri bekkjar tjáðu sig á móðurmálinu og latínu um lesið efni tengt trúarlærdómnum en nemendur neðri bekkjar töluðu dönsku í tengslum við valið efni úr *Godmans Børneven*. Í mannkynssögu var notuð bókin *Almindelig Verdenshistorie i Udtog* eftir H.A. Kofod. Samkvæmt heimildum fór kennslan fram á dönsku og af þeim sökum „talaði kennarinn afar hægt til að þeir styst komnu gætu fylgst með og skrifað niður það sem máli skipti. Þá þýddi hann framandi orð á íslensku, skrifaði öll nöfn upp á töflu og sagði hvernig orðin skyldu skrifuð og borin fram.“³⁴ Mannkynssögu- og trúarlærdómurinn stuðlaði þannig jafnframt að kunnáttu í latínu og dönsku. Bók Kofods er til marks um að kennslu- og fræðibókum á dönsku fjölgaði smám saman. Aukin áhersla á móðurmálið í danska skólakerfinu styrkti stöðu íslenskunnar eins og sjá má í bréfi skólaráðsins til stiftsýfirvalda þar sem segir að kenna skuli íslensku. Um val á kennslu- og lestrarbókum segir að þangað til nauðsynlegustu grunnbækur komi út í góðum íslenskum þýðingum verði sérhver kennari að láta sér nægja danskar eða latneskar handbækur.³⁵ Þess má geta að það var einmitt ofangreind mannkynssögubók Kofods sem Páll Melsted þýddi og gaf út með viðbótum árið 1844.³⁶

³³ Svavar Þór Guðmundsson, *Þættir úr sögu Bessastaðaskóla 1805–1846*, bls. 39.

³⁴ Sama rit, bls. 41.

³⁵ „Directionen for Universitetet og de lærde Skolers Skrivelse til Stiftsövrigheden i Island ang. Bessastad Skoles Organisation. Khavn 16. juni 1806“, bls. 77.

³⁶ Páll Melsted, *Ágrip af merkis atburðum Mannkyns Sögunnar*/útlagt, aukid og kostad af Páli Melsted, Viðeyjar Klaustur, 1844. Í bréfi til Jóns Sigurðssonar dags. 2. mars 1843 skrifar Páll Melsted eftirfarandi um þýðinguna: „Jeg hefi gjört það að gamni mínu, síðan ofurlítið fór að leingja daginn, að eg hefi gripið litla Kofod (Historiens vigtigste Begivenheder) og verið að leggja hann út; mest til þess að sjá hvort nokkurt vit væri í íslenzkunnni hjá mér, og jeg neita því ekki að mér hefir flogið í hug, að nóg væri vænt að eiga þá bók á okkar tungu ...“ Páll

Í grísku voru lesin klassísk verk og þau þýdd á latínu og íslensku. Lesin var málfræði og stunduð grísk bragfræði. Auk þess kom gríska við sögu í Nýja testamentisfræðunum.³⁷

Hér að framan er þess getið að hvorki hafi verið kennd enska, franska né þýska í Bessastaðaskóla þrátt fyrir að slíkt gengi á svig við gildandi danskar reglur um lærða skóla. Í konungsráðgjafi frá árinu 1831 sem birtist í kjölfar ritgerðar Baldvins Einarssonar um skólamál sem hann sendi dönskum stjórnvöldum er fjallað um mál-efni Bessastaðaskóla og m.a. komið inn á kennslu í þýsku og frönsku. Þar kemur fram að þýsku- og frönskukunnátta sé talin næsta óþörf fyrir þá nemendur sem ekki fari utan þar sem samskipti við útlendinga séu lítil á Íslandi og auk þess séu bækur á þessum málum af skornum skammti í landinu. Öðru máli gegni um þá nemendur er fari utan til náms í Hafnarháskóla. Þeir þurfi að búa yfir kunnáttu í þessum málum og þá sér í lagi í þýsku. Því er beint til stiftsýfirvalda að þau hlutist til um að þeir stúdentar sem hyggi á nám í Kaupmannahöfn fái undirstöðuþekkingu í þýsku.³⁸ Í ritlingi Tómasar Sæmundssonar *Island fra den intellectuelle Side betragtet* sem kom út í Kaupmannahöfn árið 1832 viku höfundur að ýmsum umbótum sem brýnar væru við Bessastaðaskóla. Ein þeirra snýst um nauðsyn þess að sömu námsgreinarn séu kenndar þar og í dönskum skólum. Sagt er að styrkja þurfi stöðu dönskunnar og einnig móðurmálsins sem öðru fremur geri Íslendinga að Íslendingum. Þá þurfi að kenna frönsku og þýsku eins og tíðkist í lærðum skólum í Danmörku enda sé ekki unnt að fylgjast með vísindum án þess að geta lesið á frönsku og þýsku.³⁹ Formleg þýskukennsla hófst þó ekki fyrr en með flutningi Lærða skólans til Reykjavíkur.

Vert er að ítreka það sem áður hefur verið sagt, að tungumálanám gat átt sér stað utan skóla. Í endurminningabók sinni *Dægradvöl* greinir Benedikt Gröndal frá því að Sveinbjörn Hallgrímsson

Melsteð, *Brjef frá Páli Melsteð til Jóns Sigurðssonar*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, bls. 39.

³⁷ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi*, bls. 155.

³⁸ „Kongelig Resolution ang. Forslag om adskillige Forbedringers Indførelse ved Bessastad Skole. Khavn den 11. Januar 1831“, *Lovsamling for Island IX* (1826–1831), Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Høst, 1860, bls. 619–630, hér bls. 619 og 624.

³⁹ Tómas Sæmundsson, *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, Kaupmannhöfn: E. Græbe & Søn, 1832, bls. 23.

prestur hafi lært að skilja ensku, frönsku og þýsku af sjálfsdáðum en kunnátta í þessum málum hafi verið fádæmi fyrir miðja nítjándu öld.⁴⁰ Sjálfur segist Benedikt hafa lært að lesa þýsku upp á eigin spýtur á skólaárum sínum í Bessastaðaskóla en þaðan lauk hann prófi árið 1846. Um þýskunámið segir hann:

... þá var og send til skólans hin þýzka lestrarbók Hjorts, og fjekk jeg báða partana og las þá hvað eptir annað; þá lærði jeg fyrst að þekkja þýzkan skáldskap; »Lied von der Glocke« lærði ég allt utan að, án þess jeg vissi, sömuleiðis önnur kvæði eptir Schiller og Goethe – jeg fann þá strax, þótt enginn vísaði mjer á þá; þegar jeg var einn úti með byssuna mína, þá var það orðinn vani minn, að raula fyrir mjer kvæði Goethes: »Im Felde schleich ich still und wild«. Þannig lærði jeg þýzku alveg kennslulaust, því hún var hvergi kennd hjer þá; jeg var ekki einungis viljugur að fletta upp, heldur las jeg Grönbergs orðabók eins og skemmtibók. Fleiri piltar tömdu sjer og þýzku á skólaárum mínum, til þess að geta lesið þýzka rithöfunda – þeir fundu ósjálfrátt það sem er, að Þjóðverjar eru hin mesta vísindapjóð í heimi, og þar eru hin mestu skáld síðari tíma ...⁴¹

Loks eru fjölmörg dæmi þess að Íslendingar hafi lært erlend mál með því að dvelja utanlands. Í *Dægradvöl* segir til dæmis Benedikt Gröndal frá því að í tengslum við komu Gaimards árið 1835 hafi „Frakkastjórn“ boðið að kosta menntun tveggja gáfaðra Íslendinga og að einn nemandi hafi farið utan.⁴²

4. Tungumálakennsla í Reykjavíkurskóla

Árið 1846 var Lærði skólinn fluttur til Reykjavíkur og fékk hann þá nýja reglugerð. Á þessum tímamótum breyttist hlutverk skólans er guðfræðinámið var skilið frá Lærða skólanum og stofnaður sérstakur prestaskóli. Reglugerðin byggðist á dönsku lögunum um

⁴⁰ Benedikt Gröndal, *Dægradvöl. (Æfisaga mín)*, Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, bls. 44–45.

⁴¹ Sama rit, bls. 58–59.

⁴² Sama rit, bls. 27.

lærða skóla frá árinu 1809 og var aðaláherslan sem fyrr lögð á kennslu forntungnanna en auk þeirra og móðurmálsins skyldi kenna hebresku, þýsku, frönsku og ensku. Eftir 1830 urðu harðar deilur um skipulag og námsefni lærðu skólanna í Danmörku þar sem tekist var á um tvö megingjónarmið. Annars vegar að kennslan ætti að fylgja þróuninni og svara þörfum tímans með því að leggja áherslu á nýju málin, náttúruvísindi og stærðfræði á kostnað forn- málanna og hins vegar að forn- málunum skyldi áfram skipað í önd- vegi vegna ótvíræðs menningar- og menntunargildis þeirra. Árið 1850 voru sett ný lög um lærðu skólana í danska ríkinu en höf- undar þeirra höfðu ferðast til Frakklands og Prússlands til að kynna sér skólamálin. Samkvæmt nýju lögunum var markmið skólanna að veita sanna, almenna menntun og undirbúa nemendur undir há- skólanám. Áhersla var lögð á siðgæðilega menntun og þekkingu á menningu fornaldar auk bókmennta á móðurmálinu. Af nýju tung- unum var þýska meginmálið.⁴³

Árið 1850 tók ný reglugerð fyrir Reykjavíkurskóla gildi á grundvelli dönsku laganna frá sama ári. Mörgum þótti sem lögin svöruðu ekki kalli tímans, einkum þótti hinum gagnlegu fræðum ekki gert nægilega hátt undir höfði. Árið 1871 voru samþykkt ný lög um lærðu skólana í Danmörku og var Reykjavíkurskóla sett ný reglugerð á grundvelli þeirra árið 1877 sem hélst að mestu óbreytt fram til aldamóta.

4.1 Erlend tungumál í reglugerðum um Lærða skólann frá 1846 og 1850

Með reglugerðinni frá 1850 var inntökuprófið (*examen artium* – fyrsta lærdómspróf) í Hafnarháskóla fært til Lærða skólans. Eftir þetta voru það einungis þeir sem höfðu stúdentspróf frá Lærða skól- anum sem áttu rétt á inntöku í háskólann. Í reglugerðunum frá 1846 og 1850 segir að kenna skuli: dönsku, þýsku, latínu, grísku,

⁴³ Kristinn Ármannsson, „1. Þróun lærðu skólanna og menntaskólanna á Norðurlöndum 1846–1946“, *Saga Reykjavíkurskóla I. Historia Scholæ Reykjavicensis. Nám og nemendur*, ritstj. Heimir Þorleifsson, Reykjavík: Sögusjóður Menntaskólans í Reykjavík/Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1975, bls. 9–12.

hebresku, frönsku og ensku. Þýska varð nú skyldugrein ásamt latínu, grísku og dönsku en hebreskunám var einungis skylda fyrir þá er hugðust stunda nám í prestaskólanum. Enska og franska voru valgreinar og samkvæmt fyrri reglugerðinni var þeim sem ekki lærðu hebresku gert að taka tíma í öðru hvoru þessara mála. Kunnátta í dönsku og latínu var skilyrði fyrir inntöku og þurftu nemendur að sýna fram á kunnáttu sína með því að þreyta inntökupróf. Í fyrri reglugerðinni er kveðið á um undirbúningsnám í grísku en ekki í reglugerðinni frá 1850.⁴⁴

Í 2. gr. reglugerðarinnar frá 1846 segir að bekkirnir skuli vera fjórir og að nemendur sitji einn vetur í öðrum bekk og tvo í hverjum hinna, alls sjö vetur. Í neðri bekkjunum átti að leggja megináherslu á kennslu í íslensku og dönsku en latínu og grísku í þeim efri (4. gr.). Burtfararprófið skiptist í tvennt: fyrri hluta sem lauk með þriðja bekk og var þá m.a. prófað í ensku, frönsku og þýsku og síðari hluta sem lauk með fjórða bekk þar sem prófað var m.a. í dönsku, grísku, latínu og hebresku (11. gr.). Með reglugerðinni frá 1850 var námstíminn stytur úr sjö árum í sex og voru fyrsti og annar bekkur óskiptir en þriðji og fjórði bekkur tvískiptir (2. gr.). Við lok fyrri hluta var prófað í dönsku og þýsku (12. gr.), þ.e. burtfararpróf í dönsku færðist frá lokum seinni hluta til loka fyrri hluta. Prófað var í latínu, grísku og hebresku að afloknum fjórða bekk. Í töflu 2 má sjá skiptingu stunda skólaárið 1852–1853.

Erlend tungumál	1. bekkur einn vetur	2. bekkur einn vetur	3. bekkur tveir vetur	4. bekkur tveir vetur	Stundir alls	
Latína	8	8	9	9	10	44
Gríska		5	5	5	6	21
Danska	4	2	2	3		11
Þýska	4	2	2	2		10

Tafla 2: Skipting stunda í erlendum tungumálum í Reykjavíkurskóla skólaárið 1852–1853.

Heimild: *Skýrsla um hinn lærða skóla í Reykjavík skóla-árið 1852–53*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1853, bls. 10.

⁴⁴ „Reglugjörð um latínuskólann í Reykjavík”, *Lovsamling for Island XIII* (1844–1847), Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst, 1866, bls. 449–463; „Reglugjörð um kennsluna og lærdómsprófin í hinum lærða skóla í Reykjavík”, *Lovsamling for Island XIV* (1848–1850), Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst, 1868, bls. 514–528.

Eins og áður er getið voru enska⁴⁵ og franska valgreinar. Kennslunni skyldi lokið á þremur árum og fundnir til hennar „aukatímar“ utan hefðbundins kennslutíma. Kennslan var stopul framan af og stundum var hvorugt málið kennt, t.d. fyrsta skólaárið 1846–1847. Alla jafna var meiri eftirspurn eftir ensku en frönsku.⁴⁶ Málin voru ekki kennd eftir bekkjaskipan heldur var skólasveinum skipt í tvær deildir og þeim sem höfðu numið málið áður kennt í 4 stundir en byrjendum í 2 stundir á viku.⁴⁷

Verður nú fjallað um kennslu einstakra tungumála ásamt færni-kröfum og tilhögun prófa eins og þeim er lýst í reglugerðunum tveimur.

Danska

Inntökuskilyrði voru þau að nemendur gætu lesið og skilið dönsku. Skv. 4. gr. reglugerðarinnar frá 1846 skal kenna dönsku jafnframt íslensku og þess gætt „að lærisveinar verði leiknir í að útleggja hana á aðra tungu, rita hana eptir rættum reglum, og vita hið helzta í bókmentasögu Dana.“ Prófið átti að vera fólgið í a) skriflegri útleggingu á danska tungu og b) munnlegri útleggingu af dönsku, í einhverri þeirri danskri bók sem ekki hafði verið lesin í skóla (11. gr.). Í reglugerðinni frá 1850 (11. gr.) segir um prófið í dönsku að piltar skuli reyndir „skriflega a) með því að láta þá gjöra danskan stífl, og b) munnlega, með því að láta þá leggja út tvo kafla eptir danska rithöfunda sem þeir hafa eigi lesið, annan í bundinni ræðu en hinn í óbundinni.“

Gríska

Í reglugerðinni frá 1846 er í 3. gr. kveðið á um það inntökuskilyrði að nemendur hafi lært aðalreglur grískrar málfræði og yfirfarið nokkra kafla eftir einhvern auðskilinn grískan rithöfund en slík

⁴⁵ Ítarlega er fjallað um enskukennslu í Lærða skólanum á nítjándu öld í meistaraprófsritgerð Steinunnar Einarasdóttur, *English as a 'Fourth Language'. A Historical Survey of the Teaching of English in Iceland in the Nineteenth Century with Particular Reference to Textbooks and Textbook Writers*, óbirt kandídatritgerð í ensku, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2001.

⁴⁶ Kristinn Ármannsson, „2. Reglugerðir Reykjavíkurskóla, 2.1 Lærði skólinn 1846–1850“, *Saga Reykjavíkurskóla I*, bls. 13–18, hér bls. 18; Kristinn Ármannsson, „2. Reglugerðir Reykjavíkurskóla, 2.2 Lærði skólinn 1850–1877“, *Saga Reykjavíkurskóla I*, bls. 19–34, hér bls. 19–22.

⁴⁷ *Skýrsla um hinn lærða skóla í Reykjavík skóla-árið 1852–53*, bls. 10–12.

skilyrði eru ekki í reglugerðinni frá 1850. Skv. fyrri reglugerðinni (11. gr.) var prófið einungis munnlegt í því sem lesið var í „sagnaritum, fræðiritum og mælskumanna ritum“ og voru textar bæði í óbundnu og bundnu máli eftir höfuðskáld Grikkja. Prófað var í bókmenntum og fornfræðum Grikkja. Reglugerðin frá 1850 er nánast samhljóða hinni fyrri en heldur er aukið við pensúmið hvað skáldamál varðar þar sem nú skal lesa sex bækur eftir Hómer og/eða önnur öndvegisskáld (11. gr.).

Latína

Skilyrði fyrir inntöku var að nemendur hefðu lært aðalreglur latneskrar málfræði og yfirfarið nokkra kafla eftir einhvern auðskilinn latneskan rithöfund (3. gr.). Í fyrri reglugerðinni stendur að í kennslunni skuli þess gætt „að lærisveinar venist á að snúa á latínu, ýmist dönsku eður íslenzku, og aptur hinsvegar latínu á hvorttveggja hinna málanna.“ Í reglugerðinni frá 1850 segir að kenna skuli latínu í öllum bekkjum skólans. Sama mark og mið skuli vera með kennslunni og áður hafi verið í latínuskólanum og undir hið annað lærdómspróf við háskólann. Piltar eiga að kynna „hinum beztu af hinum latínsku rithöfundum, og í því skyni á að lesa með þeim hæfilega mikið eptir latínska rithöfunda, bæði í bundinni og óbundinni ræðu [...] að þeim verði svo sýnt um málið, að þeir geti beitt því eptir eigin vild.“ (4. gr.). Í fyrri reglugerðinni segir í 11. gr. að prófið skuli vera með tvennu móti, þ.e. bæði skriflegt og munnlegt:

- a. skriflegt: Prófa skal í latneskum stíl hæfilega löngum og í útleggingu af latínu á íslensku. Hvort tveggja skal samið án þess að orðabækur séu viðhafðar;
- b. munnlegt: Þeir sem útskrifast skulu prófaðir bæði í því pensúmi sem þeir hafa farið yfir vandlega (statarísk) og í ólesnu efni. Vandlega lesið efni má ekki vera minna en hér um bil sem þessu svarar: í óbundnu máli: ritgerð Cicerós um skyldurnar, 100 kaþítular af ræðum hans og fjórar bækur í Livíusi; í skáldmáli: bréf Hóratíusar, tvær bækur af kvæðum hans og þrjár bækur í *Æneasar drápu* eftir Virgilíus. Hafi aðrir rithöfundar verið lesnir hljóti þeir að vera af hinum betri og ekki

of auðveldir. Auk þess skulu þeir sem útskrifast einnig „útleggja og útlista einhvern auðveldan rithöfund sem ekki hefur lesinn verið.“

Í munnlega prófinu skulu nemendur skv. 11. gr. jafnframt reyndir í bókmenntum og fornfræðum Rómverja. Reglugerðin frá 1850 er í öllum aðalatriðum samhljóða eldri reglugerðinni nema hvað tekið er fram að ólesnir textar, sem prófað er í, skuli ekki vera of tor-skildir (11.gr.).

Þýska

Í 4. grein reglugerðarinnar frá 1846 segir um kennslu „þjóðverskrar tungu“ að hana skuli kenna þannig að lærisveinar skilji og geti útlagt þýsk rit og fullnægi þeim kröfum er próf það áskilur sem boðið er í 11. grein reglugerðarinnar. Þar segir að prófið skuli einungis vera munnlegt og felast bæði í að útleggja einhvern þýskan auðveldan rithöfund sem ekki hefur verið lesinn í skóla og að snúa íslensku á þýsku. Í reglugerðinni frá 1850 segir í 4. gr. að kenna skuli piltum þýsku frá því að þeir hefja nám og þangað til þeir hafa lokið þriðja bekk og „verða þá piltar að hafa náð þeirri kunnáttu í henni, að þeir skili og geti nokkurnveginn út lagt hverja algenga þýzka bók, sem rituð er í óbundinni ræðu.“ Eins og í eldri reglugerðinni segir um prófið í 11. gr. að það skuli einungis vera munnlegt og að reyna skuli lærisveina á tveim stöðum í þeim rithöfundum sem þeir hafi eigi lesið.

Hebreska

Í reglugerðunum segir að gefa skuli öllum skólasveinum kost á að nema hebresku en þeim einum uppálagt að læra málið sem ætla sér að ganga í prestaskólann eða hyggjast taka embættispróf í guðfræði. Í fyrri reglugerðinni frá 1846 segir í 4. gr. að þeir sem ekki vilja „hebr-esku læra, skulu nema annaðhvort ensku eða frakknesku“ en ekki eru slíkar kvaðir að finna í seinni reglugerðinni. Væru próf haldin átti skv. 11. gr. beggja reglugerðanna að reyna piltana í málfræði og láta þá útleggja lesið efni. Umfang pensúms átti ekki að vera minna en 40 kaflar í fyrstu bók Mósesar og sem svarar 15 sálum Davíðs.

Valgreinarnar franska og enska

Í reglugerðinni frá 1846 segir í 4. gr. að gefa skuli þeim nemendum, sem ekki vilja læra hebresku, kost á að nema ensku eða frönsku en í seinni reglugerðinni segir í 4. gr. að kenna skuli þessar greinar þeim einum er þess æskja. Kennslu í þessum tungumálum skyldi vera lokið á þrem árum og hún ekki bundin við neinn sérstakan bekk að öðru leyti en því að þau skyldu ekki kennd í fyrsta bekk. Í fyrri reglugerðinni segir í 11. gr. að svo fremi sem próf sé haldið skuli nemendur reyndir í málfræði og í að útleggja munnlega á íslensku einhvern auðskilinn ólesinn enskan eða franskan höfund en í reglugerðinni frá 1850 er hvorki fjallað um próf í ensku né frönsku.

Athygli vekur hve markmiðslýsingar, inntak og áherslur eru keimlíkar í öllum erlendu tungumálunum enda má glögglega sjá hvernig hefðin við kennslu fornmalanna yfirfærir á kennslu nýju málanna. Menntunargildi námsins er í fyrirrúmi, samanber þá ríku áherslu sem lögð er á lestur öndvegisbókmennta. Lestrarfærni hefur mest vægi, enda lykill að bókmenntalestri, en einnig er allnokkur áhersla lögð á ritun. Málfræðin er einn af grundvallarþáttum málsins og þar er áherslan fremur á að læra *um málið* en á *beitingu* þess. Nálgunin sem viðhöfð er við kennsluna er einkum þýðingar og ritun stíla, m.a. til að þjálfra málfræði og orðaforða, samanber nálgun málfræði- og þýðingaradferðarinnar.⁴⁸

4.2 Tekist á um tungumálin

Samkvæmt reglugerðinni frá 1846 voru íslenska og danska aðal-kennslugreinarnar í neðri bekkjunum en latína og gríska í þeim efri. Sérstök athygli er hér vakin á gjörbreyttri stöðu móðurmálsins samanborið við það sem áður var. Í Bessastaðaskóla var íslenskan ekki sjálfstæð kennslugrein heldur fólst móðurmálskennslan fyrst og fremst í þýðingum af erlendum málum á íslensku en í Reykjavíkurskóla varð íslenska sjálfstæð kennslugrein og ein af tveimur

⁴⁸ Jack C. Richards og Theodore S. Rodgers, *Approaches and Methods in Language Teaching*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001, bls. 5–7; Auður Hauksdóttir, *Lærerens strategier – elevernes dansk. Dansk som fremmedsprog i Island*, Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd, 2001, bls. 49–52.

höfuðgreinum skólans. Aukin áhersla var nú einnig lögð á dönskukennslu sem m.a. ber að skoða í ljósi æ styrkari stöðu dönskunnar í Danmörku og þá ekki síst í skólakerfinu.⁴⁹ Með því að danska varð kennslumál í Hafnarháskóla í stað latínu jókst þörfin fyrir dönskukunnáttu meðal þeirra sem hugðu á háskólanám þar í landi. Þá var umtalsverður hluti námsefnisins í Reykjavíkurskóla á dönsku. Í skýrslu Hafnarháskóla fyrir árið 1846 er þess getið í umfjöllun um Lærða skólann í Reykjavík að íslenskukennslan þar skuli gegna sama hlutverki og móðurmálskennslan í dönskum skólum en staða dönskunnar hér á landi vera sambærileg við þýskuna í Danmörku, samanber:

- a. að í íslensku séu gerðar sömu kröfur og hér í dönsku, þ.e. að skólapiltar verði færir um að fjalla um sjálfvalið efni í rituðu máli og öðlist þekkingu á íslenskum bókmenntum; b. að danska skipi sömu stöðu í kennslunni eins og þýsk tunga hér [í Danmörku, ath. höf.] og málið sé þjálfað með þýðingum af dönsku á íslensku og dönskum stíl eða með skriflegum þýðingum af íslensku á dönsku.⁵⁰

Af samanburðinum við þýskuna í Danmörku má sjá að litið er á dönskuna hér á landi sem erlent tungumál, samanber einnig þær aðferðir og áherslur sem einkenna námið, þ.e. lestur bókmennta, þýðingar til og frá markmálinu og málfræðikennsla með tilheyrandi stílaæfingum.

Reglugerðin frá árinu 1846 var sett til bráðabirgða og af skrifum í Reykjavíkurbóstunum árið 1847⁵¹ má sjá að gert var ráð fyrir að hún yrði endurskoðuð í ljósi þeirra kosta og galla sem upp

⁴⁹ Sjá t.d. Ole Feldbæk, „Skole og identitet 1789–1848. Lovgivning og lærebøger“, bls. 253–324; og Vibeke Winge, „Dansk og tysk 1790–1848“, bls. 110–149.

⁵⁰ „a. at i Islandsk gjøres samme Fordringer som her i Dansk, altsaa at Disciplene skulle bringes til at kunne præstere skriftlig Behandling af et frit valgt Æmne og bibringes Kundskab om den islandske Litteratur; b. at Dansk træder i samme Forhold til Undervisningen, som her det tyske Sprog, og altsaa indøves ved Oversættelse fra Dansk paa Islandsk og dansk Stil eller skriftlig Oversættelse fra Islandsk til Dansk.“ Hannibal Peter Selmer, *Aarboeg for Kjøbenhavns Universitet og øvrige højere undervisningsanstalter for 1846*, Kaupmannahöfn: Reitzels Forlag, án ártals, bls. 189.

⁵¹ Þrjár greinar sem mynda eina samfellda heild birtust um skólareglugerðina árið 1847: „Athugasemdir við Reglugjörðina“, *Reykjavíkurbósturinn* 1(4)/1847, bls. 58–59, 1(5)/1847, bls. 73–76, 1(6)/1847, bls. 87–92.

kynnu að koma.⁵² Viðvíkjandi kennslu tungumálanna voru gerðar athugasemdir við þrennt: 1) inntökuskilyrði í íslensku og dönsku annars vegar og latínu og grísku hins vegar ásamt innbyrðis vægi málanna, 2) viðhorf til dönskukennslu gagnvart íslenskukennslu og 3) viðhorf til dönskukennslu með tilliti til kennslu nýju málanna. Í reglugerðinni frá 1846 er í 3. gr. kveðið á um þau inntökuskilyrði í íslensku og dönsku að nýsveinn „a. geti lesið íslensku og skrifað hana læsilega, lesið og skilið danska túngu; og í grísku og latínu að hann b. hafi lært aðalreglur latínskrar og grískrar málfræði, einnig yfirfarið nokkurn kafla í einhverjum auðskildum rithöfundum, grískum og latínskum ...“⁵³ Þessi skilyrði eru sögð benda til þess að skólaráðið⁵⁴ álíti Íslendinga færari um að kenna börnum latínu og grísku en íslensku og dönsku en sú sé ekki raunin ef lögð sé viðlíka alúð í að kenna íslensku og dönsku eins og almennt tíðkist um fornmalin. Bæði sé tilhlýðilegra og eðlilegra að setja þau inntökuskilyrði að nýsveinar kunni að rita íslenska og danska tungu nokkurn veginn fremur en að leggja svo mikla áhersla á forkunnáttu í latínu og grísku. Íslenska og danska séu höfuðgreinar í neðri bekkjunum og því sé ljóst að ekki sé ætlunin að leggja áherslu á latínu- og grískukennslu þar. Móðurmálið hljóti að vera auðveldara að kenna en latínu og grísku og því sé vænlegra til árangurs að nýsveinar læri gömlu malin í skólanum frekar en heima.⁵⁵ Í öðru lagi er gagnrýnt hve miklum tíma sé varið til dönskukennslu og að hún sé kennd í öllum bekkjum eins og íslenska, latína og gríska og í þriðja lagi er fundið að því að dönsku sé skipað skör hærra en öðrum erlendum tungum. Engin rök séu fyrir því að kenna dönsku í öllum bekkjum skólans rétt eins og um móðurmál væri að ræða:

... þetta álítum vjer óþarfa, það lítur svo út sem skólastjórnin hafi skoðað dönskuna einsog móðurmál íslendinga með íslenskunni og þessvegna veitt henni sama rjett sem íslenzkri túngu; en svo eru

⁵² „Athugasemdir við Reglugjörðina“, *Reykjavíkurbósturinn* 1(4)/1847, bls. 58.

⁵³ „Reglugjörð um latínuskólann í Reykjavík“, bls. 450.

⁵⁴ Með skólaráði er væntanlega átt við Directionen for Universitetet og de Lærde Skoler, sjá neðanmálsgrein nr. 24.

⁵⁵ „Athugasemdir við skólareglugjörðina“ (framhald), *Reykjavíkurbósturinn*, 1(5)/1847, bls. 73–74.

ekki málin varin, dönskunni getum vjer ekki gjört hærra undir höfði en hverri annari útlendri túngu, vjer skipum henni í sömu röð sem Þjóðversku, frakknesku og ensku, og ef 5 ára tími þykir nægur til að nema þessar túngur, þá er að vorri hyggju óþarfi að ætla dönskunni leingri tíma, hjer er og það aðgætandi að flestallar lærdómsbækur skólans eru á danskri túngu, og má því heita að dönskulesturinn verði samfara hverri vísindagrein jafnt í hinum efsta bekk sem hinum neðstu ...⁵⁶

Skólastjórnin virðist hafa fallist á þessi rök því að dregið var úr umfangi dönskukennslunnar í reglugerðinni frá 1850 en þar er sagt í 4. gr. að dönsku skuli kenna frá því piltar komi í skóla og þangað til þeir fara úr þriðja bekk og skuli kennslu í málinu þá lokið. Þá voru inntökuskilyrði í íslensku aukin og ætlast til að nemendur gætu „lesið íslenzku og ritað hana læsilega og stórlýtalaust að réttrituninni til ...“⁵⁷

Ef umfang kennslunnar í erlendum málum er borið saman við það sem tíðkaðist í Bessastaðaskóla má sjá að nýju málin eru farin að ryðja sér til rúms. Á níttjándu öld jókst útgáfa bóka og tímarita til mikilla muna í nágrannalöndunum sem varð mörgum hvatning til tungumálanáms og með aukinni tækni urðu samgöngutæki fullkomnari og öll samskipti milli landa greiðari og algengari. Nægir þar að nefna tíðar heimsóknir útlendinga til Íslands sem kölluðu á samskipti á nýju málunum. Latínan gat að vísu nýst til samskipta lærðra manna að vissu marki eins og sjá má af lýsingum Benedikts Gröndal á samskiptum Íslendinga við Frakka í tengslum við rannsóknir Gaimards á fjórða áratugi níttjándu aldar: „Þá kunniginn hjer að tala frönsku og var latínan töluð við Frakka og komust menn vel af, þó sumt færi út um þúfur, og eru enn til sögur um það, sem raunar eru »lygasögur« flestar ...“⁵⁸ en þeir urðu sífellt fleiri sem bentu á þörfina fyrir kunnáttu í nýju málunum. Ein af ástæðunum var sú að klassísku málin, hin „úreltu“ mál, eins og þau eru kölluð í Reykjavíkurbóstunum, voru ekki lifandi á sama hátt og

⁵⁶ „Athugasemdir við skólareglugjörðina“ (framhald), *Reykjavíkurbósturinn*, 1(6)/1847, bls. 90–91.

⁵⁷ „Reglugjörð um kennsluna og lærdómsprófin í hinum lærða skóla í Reykjavík“, bls. 515.

⁵⁸ Benedikt Gröndal, *Dægurvöl*, bls. 49.

nýju málin og því jókst orðaforðinn ekki í takt við breytingar í samtímanum. Því gat verið hörgull á orðum þegar seinni tíma fyrirbæri bar á góma. Tómas Sæmundsson, sem sjálfur hafði lagst í ferðalög suður í álfu að loknu námi árið 1832, ritar í ferðabók sinni um gildi þess að búa yfir kunnáttu í nýju málunum og annmarka latínunnar sem samskiptamáls vísindamanna. Hann efaðist þó ekki um menntunargildi fornmalanna en vísar til þess að þar sem hlutverk latínunnar hafi breyst henti hún ekki lengur sem samskiptamál lærðra manna:

Líka má gjöra sér nám þeirra miklu hægara og styttra, því lítil nauðsyn sýnist framvegis draga til að læra þau að skrifa og tala, sem hingað til hefir verið tíðkanligt. Latínan verður dag frá degi meira og meira þar til ónóg, að því skapi sem umtalfni verður fleira og ýmsir hluti koma á góma, sem þeir gömlu ekki þekktu og ekki hafa orð yfir í málum sínum. Er það óskynsamlegt að gjöra sér þann örðugleik sem hvörki fyrir málið sjálft né vísindin eru til neins góðs.⁵⁹

Tómas bendir á gagnsemi nýju málanna í tengslum við menntun og vísindi auk þess sem þau hafi hagnýtt gildi í daglegu lífi. Hér á hann sjálfsagt fyrst og fremst við lestur bóka en vafalítið hefur reynsla hans af því að ferðast vakið hann til vitundar um gildi tungumálakunnáttu:

Sá sem kann þýzku og engelsku, frönsku og völsku af nýju málunum á vorri öld fer ei mikils á mis þó hann slái slöku við hinum; og þessi mál verða væntanliga höfuðmálin svo lengi sem heimur stendur, þar eð þau hafa fengið rætur í öllum heimsálfum, og sér í lagi engelskan, hvar við og mætti bæta spönsku. Þýzkan og engelskan eru Íslendingum næsta fljótlærð að skilja og þau málin sem þýzkunni eru skyld, svo sem hollenzka, danska, svenska, en mörg hinna, svo sem franska, vaska, spanska, portúgíska eru hálfskil-in, þegar latínan er lærð.⁶⁰

⁵⁹ Tómas Sæmundsson, *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*, Jakob Benediktsson bjó undir prentun, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1947, bls. 88.

⁶⁰ Sama rit, bls. 88–89.

4.3 Reglugerðin um Lærða skólann frá 1877

Með reglugerðinni frá 1877 urðu allróttækar breytingar á tungumálakennslunni sem áttu sér nokkurn aðdraganda. Bjarni Jónsson, fyrrverandi yfirkennari í latínuskólanum í Horsens, gegndi starfi rektors á árunum 1851–1868. Sérgrein hans voru forn málin en hann var einnig vel að sér í nýju málunum og vildi veg tungumálanna sem mestan. Fyrir hans tilstilli var tímum í latínu fjölgað til að nálgast þann stundafjölda sem tíðkaðist í lærðu skólunum í Danmörku. Þá lagði rektor til við kirkju- og kennslumálaráðuneytið að franska og enska yrðu skyldugreinar en ekki var fallist á það.⁶¹ Á hinn bóginn lagði Madvig, umsjónarmaður kennslumála, til að enska yrði gerð að skyldugrein í stað þýsku sem yrði kjörgrein. Rektor lagðist gegn breytingunni með þeim rökum að það jafngilti því að afnema þýskukennsluna.⁶²

Árið 1875 skipaði alþingi nefnd sem m.a. var falið að fjalla um málefni Lærða skólans með hliðsjón af dönsku lögunum frá 1871 með áorðnum breytingum og skoða hvort fýsilegt væri að stofna gagnfræðaskóla. Nefndin lagði til að komið yrði upp gagnfræðaskólum á Suðurlandi og Norðurlandi og þannig endurheimt það jafnræði í skólamálu sem áður ríkti milli landshluta: „Af því Norðurland, þar sem námfýsi og andlegt fjör er svo mikið, hefur einatt liðið mestan halla við það, að sviptast sínum eigin skóla, þá virðist það hafa brýnustu kröfu til þess, að þar sje fyrst reynt til að setja gagnfræðaskóla á fót, og gæti hann, þegar stundir liðu, jafnframt orðið að lærðum skóla.“ Í gagnfræðaskólunum skyldi nemendum veitt auk dönsku undirstaða í nýju málunum. Um Lærða skólann segir að hann hafi staðið í stað í næstum 30 ár og brýnt sé að huga að umbótum í samræmi við þá stefnu sem nú sé fylgt í dönskum menntaskólum. Kvartanir hafi borist um að of miklum tíma sé varið til latínu og að nýju málunum sé of lítill gaumur gefinn. Lagt er til að latínustílum verði sleppt til prófs og stílaskrif takmörkuð við u.þ.b. einn tíma á viku auk þess sem tímum í trúarfræði verði fækkað. Þeim tíma sem sparist verði m.a. varið til

⁶¹ Kristinn Ármannsson, „2. Reglugerðir Reykjavíkurskóla, 2.2 Lærði skólinn 1850–1877“, bls. 21–22.

⁶² Sama rit, bls. 30.

kennslu nýju málanna.⁶³ Með konungsúrskurði var síðan skipuð önnur nefnd sem var falið að semja nýja reglugerð fyrir Lærða skólann. Hún skilaði álitinu sínu 5. október 1876⁶⁴ og lagði til umtalsverðar breytingar á tungumálakennslunni. Nefndinni þótti of íþyngjandi fyrir nemendur að gera öll nýju málín að skyldugreinum og yrði að kenna þau tungumál sem nauðsynlegust væru fyrir landsmenn. Í því ljósi þótti kunnátta í ensku og frönsku mikilvægari en í þýsku þar sem Íslendingar hafi hin síðari ár komist í talsvert samband við Englendinga bæði vegna verslunarviðskipta og tíðra ferðalaga Englendinga til landsins. Embættismönnum sé bæði gagn og sæmd að því að geta skilið þá og gjört sig skiljanlega fyrir þeim og „svo er ágæti hinnar ensku bókvísi alkunnugt, bæði að því, hvað hún er djúpsett, siðleg og ljós.“ Nefndin telur frönsku jafnvel enn mikilvægari en ensku vegna fiskveiða Frakka hér við land og þar af leiðandi samgöngu á milli þeirra og landsmanna.

Það hefur verið um mörg ár, og svo lítur út sem svo muni verða framvegis, að skip þessi liggja tugum saman inni á höfnum og fjörðum, því nær kring um land allt, ganga þá skipverjar í land og hafa ýms nauðsynleg viðskipti við landsmenn, þurfa þeir þá stundum að snúa sér til presta, stundum til lækna, og stundum til sýslumanna eða bæjarfógeta til að fá þarfir sínar bættar, og eru þessir embættismenn ætíð í stökustu vandræðum, er þeir eigi geta skilið þessa útlendinga, né gjört sig skiljanlega fyrir þeim, auk þess sem eigi mun vanþörf á að embættismenn stundum geti greitt úr misklíð, er koma kann upp milli landsmanna og útlendinga þessara, og þó að mest sé þörf á að embættismenn í Reykjavík og svo í Múlasýslum, Ísafjarðarsýslu og Skaptafellssýslum kunni tungu þessa, þá vita hin ungu embættismaenn eigi við byrjun og varla við endi embættisnáms síns, hvar þeir muni fá embætti hér á landi, svo að það virðist jafn nauðsynlegt að öll embættismaennafni vor læri að skilja tungu þessa og gjöra sig skiljanlega á henni hvort heldur munnlega eða skriflega.⁶⁵

⁶³ *Alþingistíðindi* 1875, C-deild, bls. 312–313.

⁶⁴ *Álitsskjal nefndarinnar í skólamálinu*, Reykjavík, 1877.

⁶⁵ Sama rit, bls. 33.

Nefndin segir viðskipti við Þjóðverja engin og þeir námsmenn, sem óski kunnáttu í þýsku, geti aflað sér nauðsynlegrar þekkingar í henni er þeir áður hafi lært dönsku. Því yrði boðið upp á nám í þýsku í efsta bekk, þ.e. í tvö ár, þegar nemendur vissu hvaða veg þeir ætluðu að feta. Ekki skal kenna latneskan stíl í öllum bekkjum þar sem hann þjóni nú þeim tilgangi einum að nemendur skilji betur málið. Óþarft sé að kenna að rita á latínu þar sem hún sé ekki lengur almennt vísindamál og flestallir vísindamenn riti á hinum nýrri tungumálum. Þá skuli hebreska víkja alfarið fyrir nýju málunum.⁶⁶

Í júlí 1877 tók ný reglugjörð fyrir Lærða skólann gildi⁶⁷ og var hún nánast tekin orðrétt upp eftir tillögum nefndarinnar⁶⁸. Sem fyrr er í 3. gr. kveðið á um inntökuskilyrði í dönsku og latínu. Skv. 4. gr. urðu enska og franska nú skyldugreinar auk latínu, grísku, þýsku og dönsku. Af nýju málunum var frönsku skipað í öndvegi. Dregið var úr þýskukennslu og hebreska hvarf með öllu sem skyldugrein.

Í 4. grein reglugerðarinnar er fjallað um einstakar námsgreinar og í 10. grein um árspróf og aðalpróf. Dönsku átti nú aftur að kenna í öllum bekkjum. Ensku skyldi kenna í fjóra vetur og áttu skólapiltar að ná þeirri kunnáttu í málinu að þeir gætu skilið og nokkurn veginn þýtt hverja enska bók almenns efnis í óbundinni ræðu. Prófið skyldi einungis vera munnlegt og felast í þýðingu tveggja texta í óbundinni ræðu í ólesnum rithöfundum. Frönsku skyldi kenna í öllum bekkjum þannig að nemendur yrðu færir um að þýða hverja frakkneska bók almenns efnis í óbundinni ræðu. Prófið átti að vera munnlegt og sumpart reyna lærisveina í tilteknum lesnum kafla sem væri a.m.k. 100 bls. að lengd í 8 blaða broti, sumpart í ólesnum rithöfundum í óbundinni ræðu og í málfræði. Um kennslu í þýsku segir einungis að hún skuli kennd í efsta bekk (2 vetur). Prófið skyldi vera munnlegt í lesnu efni. Latína skyldi kennd í öllum bekkjum en gríska frá og með öðrum bekk og til

⁶⁶ Sama rit, bls. 34–35.

⁶⁷ „Auglýsing um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík“, *Stjórnartíðindi* 1877, A-deild, bls. 20–32.

⁶⁸ Kristinn Ármannsson, „2. Reglugerðir Reykjavíkurskóla, 2.3 Lærði skólinn 1877–1904“, *Saga Reykjavíkurskóla* I, bls. 34–69, hér bls. 36–38.

loka námsins. Lýsingar á kennslu og prófum í latínu og grísku eru nánast samhljóða reglugerðinni frá 1850.

Með bréfi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hinn Lærða skóla dagsettu 7. nóvember 1879 er greint frá þeirri breytingu á 7. grein reglugerðarinnar frá 1877 að fimmti bekkur verði tveir eins árs bekkir í stað eins tveggja ára bekkjar áður.⁶⁹ Skiptingu vikulegra stunda milli bekkja og tungumálagreina má sjá í töflu 3:

Erlend tungumál	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	Alls
Latína	6	6	7	7	9	7	42
Gríska		5	5	5	5	5	25
Franska	2	2	2	2	2	3	13
Danska	3	2	2	2	2	2	13
Enska	2	2	2	2			8
Þýska					5	5	10

Tafla 3: Skipting stunda í erlendum tungumálum í Reykjavíkurskóla skólaárið 1881–1882.

Heimild: *Skýrsla um hinn lærða skóla í Reykjavík skóla-árið 1881–82*, Reykjavík: Ísafoldar Prentsmiðja, 1881, bls. 6.

Aukin áhersla á frönskukennslu miðaði að því að gera verðandi embættismenn í stakk búna til að eiga samskipti við franska sjómenn og enskukennslan var sögð mikilvæg vegna vaxandi samskipta við Englendinga og ferða til Vesturheims. Til marks um aukna þörf fyrir enskukunnáttu er endurútgáfa kennslubókar í ensku eftir Halldór Briem árið 1875. Bókin kom fyrst út á Akureyri árið 1873 og í *Norðanfara* segir að hún hafi flogið út óðara en nokkurn varði og hafi færri fengið en vildu. Ekki hafi verið hægt að fá leiðsögn í ensku nema hjá reglulegum kennara sem varla hafi verið völ á nema í Reykjavík eða með því að nota danskar kennslubækur. Halldór hafi nú bætt úr brýnni þörf með kennslubók sinni sem nú hafi verið endursamin og stækkuð um helming. Og nú sé hægt að nema þá tungu „sem flestir menn tala, sem töluð er af 90 milljónum manna, sem töluð er af heimsins mestu höfuðþjóðum, Bretum og Ameríkumönnum.“⁷⁰ Allir sem þurfa á enskukunnáttu

⁶⁹ „Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hinn lærða skóla“, *Stjórnartíðindi* 1879, B-deild, bls. 158.

⁷⁰ „Kennslubók í enskri tungu“, *Norðanfari* 16(31–32)/1877, bls. 63.

að halda eru hvattir til að kaupa bókina en þeir eru sagðir margir, samanber eftirfarandi tilvitnun:

Allir, sem eitthvað skipta við Englendinga, og það verða kannske bráðum flestir bændur, eptir því sem verzlun og fjárkaup Englendinga þróast meir og meir, og viðskipti við enska fiskimenn fara vaxandi við sjávarsíðuna; vesturförum er það dýrmætast af öllu að kunna, þó ekki sje nema fáein orð í ensku; yfirhöfuð hlýtur nú hjeðan af hver maður, sem heita vill menntaður að læra svo mikið í henni að hann að minnsta kosti, geti skilið hana a ljettum bókum.⁷¹

Hér verður enn að hafa hugfast að við kennslu fornmalanna hafði mótast ákveðin kennsluaðferð, hin svonefnda málfræði- og þýðingar- aðferð,⁷² sem einkenndist af því að málin voru ekki lengur lifandi. Málfræðinám og bókmenntalestur gegndu veigamiklu hlutverki og alfa og ómega voru þýðingar, ekki síst á móðurmálið. Með því var móðurmálið oft í brennidepli fremur en hið erlenda mál. Af markmiðslýsingunum má sjá að þýðingar skulu vera miðlægar við kennslu allra malanna og fagurbókmenntir í bundnu og óbundnu máli gegna lykilhlutverki. Í bókinni *Minningar úr menntaskóla*⁷³ er að finna lýsingar fyrrum nemenda á tungumálakennslunni og af þeim má sjá hve rík áhersla var lögð á móðurmálið þegar þýðingar- aðferðinni var beitt:

Enginn kennari fór nákvæmar í þýðingu á latneskum og grískum höfundum en hann [Gísli Magnússon, aths. höf.], og hann vildi kenna okkur að þýða nákvæmlega rétt. Hann flaug oft langt og víða, þangað til hann sagði allt í einu: „Af hverju kom nú þetta, karl minn?“ Oft var allerfitt að fylgja honum á fluginu, en það er aldrei leiddinlegt að hlusta á fluggáfaðan mann. Ef tvær merkingar gátu legið í setningunni á frummálinu, áttu tvær merkingar að geta legið í íslenzku þýðingunni. Oft var erfitt að orða hana svo, að hún yrði tvíræð á sama hátt, en hann fann ávallt ráðið.⁷⁴

71 Sama rit, bls. 63.

72 Sjá neðanmálgrein 46.

73 *Minningar úr menntaskóla*, ritstj. Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson, Reykjavík: Menntaskólinn í Reykjavík, 1946.

74 Indriði Einarsson, „Latína“, *Minningar úr menntaskóla*, bls. 45–50, hér bls. 47.

Þýðingar á íslensku eru góð leið til að skerpa tilfinninguna fyrir mōðurmálinu en aðferðin hentar ekki jafnvel til að kenna nemendum að beita erlendum málum, samanber eftirfarandi lýsingu á málakennslunni í kjölfar breytinganna frá 1877:

... sá galli var á tungumálakennslunni, að ekki var kennt að tala né rita útlend mál nema dönsku og latínu með stílagjörð. En jafnvel dönsku gátu ekki allir stúdentar talað, svo að til hlítar mætti teljast, nema þeir hefðu umgengizt danskar fjölskyldur. Og einstaka piltar voru sér sjálfir úti um að tala við útlendinga, t.d. man ég að einn bekkjarbróðir minn, Sveinbjörn Sveinbjarnarson, var mjög á hælunum á frönskum skipbrotsmönnum að spjalla við þá. Hann varð frönskukennari í Árósum.⁷⁵

Þessi lýsing ásamt kennslubók Halldórs Briem í ensku sýnir að vissir annmarkar voru á því að nota gömlu kennsluáferðirnar þegar nýju málin áttu í hlut. Enskubók Halldórs er sögð „praktísk“ og handhæg, efnið ágætlega valið og haganlega niður raðað. Auk upplýsinga um framburð inniheldur hún málfræði sem er sett fram smám saman og skýrð með dæmum. Þetta er sögð hin besta kennsluáferð. Athygli vekur að efnið er lagað sem skemmtilegt samtál sem sé vel til þess fallið að vekja áhuga nemandans. Aftast er yfirgripsmikið orðasafn úr daglegu máli. Síðast eru smásögur og skáldskapur og sýnishorn af „sendibréfa máli“. Hver alþýðumaður sem les bókina í tómsundum sínum „einn vetrar tíma“ er sagður geta skilið léttar enskar alþýðubækur.⁷⁶ Hér kveður við nýjan tón. Áhersla er lögð á daglega notkun málsins, samanber hagnýtar reglur um framburð og málfræði og texta í formi samtala. Í stað lykilverka bókmenntasögunnar og hugarheims menntamanna er talað um lestur léttara alþýðubóka. Margt minnir hér á nálgun beinu aðferðarinnar sem einmitt var að ryðja sér til rúms um þetta leyti en með henni var áhersla lögð á hagnýta tungumálakunnáttu sem lykil að tjáskiptum. Kenna átti málin með því að þau væru notuð með *beinum* hætti á sama hátt

⁷⁵ Kristinn Daníelsson, „Hinn almenni menntaskóli. Lærði skólinn – Latínuskólinn. Nokkrar minningar“, *Minningar úr menntaskóla*, bls. 51–63, hér bls. 54–55.

⁷⁶ „Kennslubók í enskri tungu“.

og börn læra móðurmál sitt. Þýðingar á móðurmálið þóttu óæskilegar í því samhengi.⁷⁷

4.4 Frá fornum málum til nýrra

Inntak reglugerðarinnar frá 1877 var harðlega gagnrýnt og þá ekki síst staða nýju málanna. Árið 1877 var reglugerðin rædd á alþingi fyrir atbeina Halldórs Kr. Friðrikssonar þingmanns og kennara við Lærða skólann. Þar áréttaði hann menntunargildi hinna gömlu mála en gagnrýndi jafnframt að dregið hefði verið úr þýskukennslu þar sem þýskan stæði okkur næst af nýju málunum og viðurkennt væri að Þjóðverjar væru í röð hinna mestu vísindaþjóða. Þeir væru af sama ættstofni og Íslendingar og mál þeirra skylt íslensku. Þeir hefðu sömu trúarbrögð og hafa mætti mikið gagn af þýskum bókum.⁷⁸ Í harðorðri aðsendri grein í *Þjóðólfi* sama ár er einnig gagnrýnt að dregið hafi verið úr þýskukennslu og rökin um mikilvægi frönskunnar dregin í efa. Vísað er til nefndarálitsins og sagt að það sé raunar sannleikanum samkvæmt að þýskir hrossakaupmenn séu sjaldséðir á landinu en það verði ekki sagt um þýska ferðamenn. Þeir hafi ritað merkari og vinsamlegri bækur um landið en aðrar þjóðir að undanskilinni ferðabók Gaimards, sem sé undantekning frá öllu í því tilfelli, og ekki megi gleymast að meginhluti danskrar bókvísi sé beinlínis runninn frá Þýskalandi og Danir leggi þýskar bækur til grundvallar flestu námi sínu; allur hinn nýi danski skáldskapur, öll hin nýrri málfræði Dana og öll guðfræði þeirra grundvallist á þýskum bókum. Spurt er hvort hugsanlegt sé að nefndin hafi látið stjórnast af því að hún teldi að Dönnum væri illa við Þjóðverja út af Slésvíkurmálinu. Í greininni er nefndin sögð á villigötum með málanámið með því að nú sé lögð áhersla á talað mál en slíkt praktískt nám eigi fremur heima í gagnfræðaskóla en lærðum skóla þar sem námið skuli vera „hugsjónarlegt“. Nefndin geri ekki greinarmun á því að læra mál af

⁷⁷ Otto Jespersen, *Sprogundervisningen*, Kaupmannahöfn: Det Schubothske Forlag, 1901; Jack S. Richards og Theodore S. Rodgers, *Approaches and Methods in Language Teaching*, bls. 11–14; og Auður Hauksdóttir, *Lærerens strategier – elevernes dansk. Dansk som fremmedsprog i Island*, bls. 52–56.

⁷⁸ „Fyrirspurn til landshöfðingja frá H. Kr. Friðrikssyni, þingmanni Reykvíkinga“, *Alþingistíðindi* 1877, C-deild, bls. 636–638.

bókum og læra að heyra og tala hið lifandi hljóð.⁷⁹ En umræða um málið náði langt út fyrir veggi alþingis og síður *Þjóðólfs*. Á 20 manna fundi Fljótisdælinga og Fellnamanna í Múlasýslu vorið 1877 var álit hinnar konunglega skipuðu skólanefndar rætt og samþykkti fundurinn að leggja til að latínukennslan yrði minnkuð enn frekar, einkum stíllinn, og að þýska yrði skyldugrein en ekki franska.⁸⁰ Í tímaritinu *Skuld* var einnig fjallað um skólamálið vorið 1877 og þar er því fagnað að nefndin vilji ekki útrýma latínunáminu eins og fjöldinn hafi heimtað svo ákaft. Ástæða sé til að veita grundaða þekkingu í latínu, ekki aðeins vegna hins mikla og ágæta fjársjóðs vísinda og vísku sem fólgin sé í latneskum bókum og þess að hún sé enn þá samtengingarmál skólagenginna manna heldur einnig vegna málmyndafræðingarnar („Grammatíkurinnar“, málmyndafræðinnar) og svo fyrir kynsæld hennar, þ.e. að svo mörg höfuðmál Norðurlátnunnar séu af latínu komin.⁸¹ Til gamans má í þessu sambandi vísa til kvæðis sem mælt var fyrir munn Jóns Þorkelssonar rektors í lok níunda áratugarins en latínan var honum heilagt mál, undirstaða allra mála sem væru auðlærð með latínu í handraðanum:

Ef þú latneskt lærir mál,
líka kanntu ensku og frönsku,
og svo glaður innst í sál,
amen getur sagt á spönsku.⁸²

Hér vekur athygli að sjónarmiðið er ekki að kenna latneska málfræði latínunnar vegna heldur er tíundað hve gagnleg hún sé til að átta sig á skyldleika mála og hvernig slík kunnátta geti nýst sem undirstaða fyrir nám í öðrum tungumálum, samanber eftirfarandi tilvitnun í *Skuld*: „Læri maðr rækilega grammatík í einu máli, fellr lærdómr inna annara grammatíka létt, og svo þar með málanna, því eitt mál er öðru meir eða minna líkt.“⁸³ Af afsprengjum latínunn-

⁷⁹ „Um frumvarp skólanefndarinnar“, *Þjóðólfur* 29(10)/1877, bls. 38–39.

⁸⁰ „Eptirrit af fundargjörð, Fljótisdælinga og Fellnamanna í Múlas.“, *Norðanfari* 16(47–48)/1877, bls. 95. Fundarstjóri var Páll Vigfússon og skrifari Þorvarður Kjerulf.

⁸¹ „Skólamálið“, *Skuld*, 1(2)/1877, bls. 11–14. Framhaldsgrein í tölublaði 1(3–4)/1877, bls. 21, undirrituð af M.J.

⁸² Jes A. Gíslason, „Nokkrar minningar frá skólaárum mínum, 1885–1891“, *Minningar úr menntaskóla*, bls. 99–117, hér bls. 109.

ar er franskan fyrst tiltalin sem er sögð fagurt og merkilegt mál hinnar merkustu söguþjóðar er hafi svo mikið samblendi við Íslendinga. Franskir herrar, hin „kurteisu nettmenni“⁸⁴, heimsæki oss á hverju ári og komi víða hér við land og frakkneskir fiskimenn komi hér fjöldamargir ár hvert. Það verði að teljast viðkunnanlegra að skólagengnir menn geti nokkuð fleytt sér í málinu og a.m.k. lesið og skilið franska bók. Æfingin í að tala geti komið á eftir eða samhliða eftir því sem verkast vill. Æskilegt sé að kenna frönsku í skólum sem skyldugrein enda sé þekking þeirrar tungu mjög útbreidd í heiminum. Enska sé það jafnvel enn frekar og því einnig sjálf sögð skyldugrein. Hún er sögð

léttara mál, bæði af því, að hún er að svo miklu leyti lík málum Norðurlanda (talin í inum gothska flokki), þótt hinu megin sé latínan formóðir (er því að nokkru leyti rómönsk), og – líka vegna lítillar málmyndalýsingar, enda hægra enskunámið þeim, er lært hafa eða læra um leið tungu nágrannanna handan við sunnið.⁸⁵

Enskunámið hafi hvort tveggja í senn menntandi og hagnýtt gildi og gagn þess og nauðsyn sé „auðsén af inum ágætu bókmentum innar miklu og mentuðu þjóðar, er einnig hefir töluverð mök við oss.“⁸⁶ Danskan sé okkur næst enda auðlærð og einnig standi þýskan okkur nærri því að „frá Þýzkalandi hafi vísindalíf streymt til okkar gegnum Dani og danska tungu, og þýzk dýpt á vel við íslenzkan anda.“⁸⁷ Höfundur segir þýskuna þó ekki gagnlega Íslendingum yfirhöfuð en vill engu að síður að hún sé skyldugrein en að minni kröfur séu gerðar um kunnáttu í henni en í ensku og frönsku með því: „að það getr hver, sem að eins vill, vel stafað sig fram úr þýzku upp á eigin hönd, er hann er kominn úr skóla, þar sem málið er svo líkt íslensku og dönsku og að minsta kosti framburðurinn yrði fulllærðr í skóla.“⁸⁸

83 „Skólamálið“, bls. 13. Um er að ræða aðsenda grein og tekur ritstjórnin fram neðanmáls að hún sé ekki sammála höfundi þar sem hún líti á allt þetta mál í „yfirgrípsmeira útsýni“ (bls. 11).

84 Sama rit, bls. 12.

85 Sama rit, bls. 12.

86 Sama rit, bls. 12.

87 Sama rit, bls. 12.

88 Sama rit, bls. 12.

Í sex tölublöðum *Norðlings* frá árinu 1877⁸⁹ er ítarlega fjallað um skólamálið, m.a. erlendu tungumálin. Í fyrstu greininni eru forkröfur í latínu gagnrýndar, ekki síst í ljósi þess mikla tíma sem til kennslu hennar sé varið. Um dönskuna segir⁹⁰ að hún sé náskyld íslensku og að fróðum mönnum þyki henta vel að læra fyrst þau mál er skyldust séu móðurmálinu og feta sig svo áfram í tungumálalærdómnum og því eigi vel við að setja dönskuna næst íslensku. Hins vegar þykir það galli að einblínt hafi verið svo á dönskuna að sænskan, sem sé nánast jafnskyld íslenskunni, hafi alveg gleymst. Of mikið sé að kenna dönsku í öllum bekkjum í stað fjögurra áður þar sem kennslubækur séu flestar danskar. Því þykir sanngjarn og nauðsynlegt að tímar í dönsku séu færðir „... sænskunni afsprengi tungu vorrar, systur sinni.“⁹¹ Vel henti að kenna helstu atriði í bókmenntasögu Dana þótt hún sé að vísu heldur ómerkileg eins og von sé þar sem Danir „dependeri“ af Þjóðverjum í ritum sínum. Afleitt sé hins vegar að ekki sé fengist við bókmenntasögu annarra þjóða sem eigi mun fjölskrúðugri bókmenntir en Danir. Hæfa þykir að telja enskuna næst eftir dönskunni þar sem hún sé að hálfu leyti af norrænum uppruna og því sé nám í ensku Íslendingum næsta eðlilegt. Í ljósi raka fyrir enskunámi þykir það furðu gegna að enskunni sé skipað á óæðri bekk gagnvart fjarskyldara máli, frönskunni. Með ensku megi gera sig skiljanlegan í öllum heimsálfum svo mikið sé víðlendi og nýlendur Englendinga. Þegar svo bætist við að tungumál Frakka og „allur andi hinnar frakknesku mentunar og siðferðis er oss – guði sé lof – alveg ókunnugur, eins og þeir sjálfir hafa enga virðing eða rækt sýnt íslenskum bókmenntum – þvert á móti því sem Englendingar hafa sýnt“⁹² hnígi öll rök að því að setja enskuna ofar frönskunni. Gagnstætt ensku vilji nefndin að gefinn sé vitnisburður í frönsku á burtfararprófi allt til þess að:

89 „Skólamálið I“, *Norðlingur*, 3(23–24)/1877, bls. 89–91; „Skólamálið II“, *Norðlingur* 3(27–28)/1877, bls. 105–108; „Skólamálið III“, *Norðlingur*, 3(29–30)/1877, bls. 113–116; „Skólamálið IV“, *Norðlingur*, 3(31–32)/1878, bls. 121–124; „Skólamálið V“, *Norðlingur*, 3(33–34)/1878, bls. 141–142; „Skólamálið VI“, *Norðlingur*, 3(39–40)/1878, bls. 154–157; „Skólamálið VII“, *Norðlingur*, 3(41–42)/1878, bls. 167–168.

90 „Skólamálið III“, bls. 114.

91 Sama rit, bls. 114.

92 Sama rit, bls. 114–115.

... vèr getum skilið duggarana! er hér koma á ári hverju og brjóta fiskilög og önnur lög, og er hæfilega mikil mentun að viðtali og öllum viðskiptum við þvílíka, því þeir hafa hingað til virt mest hnefaréttinn og svo mun enn reynast; og til þess að skrifa upp nafn skipsins, sem er vissasti vegurinn til þess að ná rétti sínum, þarf eigi kunnáttu í frakknesku.⁹³

Loks telur höfundur fráleitt, m.a. vegna skyldleika málanna, að þýska skuli einungis kennd sem valgrein í einum bekk en að franska sé kennd „með geysi gný“ í öllum bekkjum. Fjöldi lestrarbóka í læknisfræði sé á þýsku í háskólanum og hún sé ómissandi fyrir m.a. málfræðinga og guðfræðinga. Hún sé í flestu tilliti mun mikilvægari en franska og enska og því óþarft til þess eins að tolla í tískunni með Dönnum að hatast við allt sem þýskt er þvert á alla skynsemi og nauðsyn námsmanna. „Þetta mál – mál Lúthers, Goethe, Schillers, Fichte, Kants og Hegels o. fl. o. fl.; mál hinnar voldugustu þjóðar heimsins – setur nefndin og ráðgjafi Íslands í skúmaskot tungumálanna.“⁹⁴ Ekki segist höfundur eyða mörgum orðum á kennslu „daudu málanna“ því að svo oft og skýrt hafi annmarkarnir verið tíundaðir og hvergi hraktir. Athygli vekur að í umræðunni er ágæti þýskrar menningar, ekki síst skáldjöfra og heimspekinga, haldið mjög á lofti en fjallað á fremur neikvæðum nótum um danskar bókmenntir. Þó fer umræðan fram eftir að danskir rithöfundar á borð við Oehlschläger, Grundtvig og H.C. Andersen höfðu látið að sér kveða svo eftir var tekið og hið sama á við um heimspekinginn Søren Kierkegaard.

Gagnrýnin á forgangsroðun nýju málanna hafði sín áhrif sem sjá má af því að vorið 1883 voru gerðar breytingar á reglugerðinni.⁹⁵ Þýska skyldi nú kennd í öllum bekkjum og prófað á sama hátt og í frönsku sem skyldi nú einungis kennd í fimmta og sjötta bekk.⁹⁶ Þótt gagnrýnin virðist hafa verið víðtæk og hörð er ekki ólíklegt að

⁹³ Sama rit, bls. 114.

⁹⁴ Sama rit, bls. 115.

⁹⁵ Árið 1879 var gerð sú breyting á reglugerðinni að nemendum var skipt í sex bekki og voru þeir eitt ár í hverjum bekk, sbr. „Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hinn lærða skóla“, *Stjórnartíðindi* 1879, B-deild, bls. 158.

⁹⁶ „Auglýsing um breytingar á ákvörðunum reglugjörðar hins lærða skóla í Reykjavík 11. júlí 1877“, *Stjórnartíðindi* 1883, A-deild, bls. 8.

orsakir breytinganna megi finna víðar. Til að kenna frönsku þurfti kennara með kunnáttu í málinu en þeir hafa tæpast verið á hverju strái, samanber bréf til landshöfðingja þar sem farið er fram á styrk handa settum kennara við Lærða skólann, Sigurði Sigurðarsyni, til þess að ferðast til Frakklands svo að hann geti aukið þar þekkingu sína á frakkneskri tungu og bókmenntum.⁹⁷ Skortur á kennurum með menntun í nýju málunum var þó alls ekki einskorðaður við frönskuna. Þótt þýska hafi verið kennd við Reykjavíkurskóla frá upphafi mun Bjarni Jónsson frá Vogu hafi verið fyrsti þýskumenntaði kennarinn. Hann lauk cand. mag.-prófi í málfræði með latínu að aðalnámsgrein en grísku og þýsku aukreitis frá Hafnarháskóla vorið 1894.⁹⁸ Bjarni dvaldi um hríð í Þýskalandi að námi loknu og kenndi við Lærða skólann um aldamótin 1900. Sagt er að hann hafi farið ótroðnar slóðir í þýskukennslunni og þótti framburður hans ágætur. „Hann tók og upp þá nýbreytni í skólanum að halda uppi talæfingum á þýzku, en svo hafði ekki verið í tungumálum yfirleitt. Fannst nemöndum mikið til um skýrleiksgnótt hans, og mun hann hafa orðið einna vinsælastur allra kennaranna.“⁹⁹

Kennsluefni í nýju málunum, sem ætlað var íslenskum nemendum, var af skornum skammti og því var notast við danskt kennsluefni í miklum mæli. Þegar hér var komið sögu höfðu einungis tvær kennslubækur verið gefnar út sem ætlaðar voru til kennslu í nýju málunum í Lærða skólanum en það voru *Dönsk málmyndalýsing* eftir Halldór Kr. Friðriksson frá 1857 og *Þýzku málmyndalýsing* eftir sama höfund sem fyrst var gefin út árið 1863.¹⁰⁰ Sú síðarnefnda mun hafa verið fyrsta kennslubókin í þýzku eftir íslenskan höfund.¹⁰¹

⁹⁷ „Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa skólakennara“, *Stjórnartíðindi* 1880, B-deild, bls. 99–100.

⁹⁸ Bjarni Jónsson (frá Unnarholti), *Íslenzkir Hafnarstúdentar*, Akureyri: Bókautgáfan BS, 1949, bls. 248–249.

⁹⁹ Páll Sveinsson, „Frá skólaárum mínum 1895–1900“, *Minningar úr Menntaskóla*, bls. 177–184, hér bls. 179–180.

¹⁰⁰ „3. Einstakar námsgreinar, 3.2 Danska“, *Saga Reykjavíkurskóla* I, bls. 122–129, hér bls. 122–124; „3. Einstakar námsgreinar, 3.4 Þýzka“, *Saga Reykjavíkurskóla* I, bls. 138–145, hér bls. 138. Af formála *Sögu Reykjavíkurskóla* I má draga þá ályktun að efni það sem hér er vísað til sé eftir Kristin Ármannsson þótt aðrir hafi lokið við viðkomandi undirkafla og fjallað þar um þróun dönsku og þýzku eftir 1946.

¹⁰¹ Baldur Ingólfsson, „Þýzkukennsla í Reykjavíkurskóla“, *Söguslóðir. Afmælisrit belgáð Ólafi Hanssyni sjötugum 18. september 1979*, ritnefnd: Bergsteinn Jónsson, Einar Laxness, Heimir Þorleifsson, Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur, 1979, bls. 13–18, hér bls. 16.

Þó að nokkuð hafi áunnist m.t.t. kennslu nýju málanna var latínan eftir sem áður helsta kennslugrein skólans ásamt grískunni og ekki voru allir sáttir við það. Í *Norðanfara* vorið 1878 var hinni há-lærðu skólanefnd álasað fyrir að hafa tekist hrapallega til með frumvarpið sem var skýrt með samsetningu hennar:

... en það var nú heldur varla við öðru að búast, þegar einmitt þeir voru valdir í nefndina, sem eru uppaldir í þeirri latínukássu, sem var á Bessastöðum, og varla hafa fengizt við annað („Norðlingur“ er að taka Grím Thomsen undan, en hann er víst eigi frjálslýndari hvað gömlu málunum viðvíkur, heldur en í hverju öðru). – Svo frábært fumvarp að innihaldi og frágangi hefir víst óvíða sjezt!! Hver skynsamur maður, sem les frumvarpið ofan í kjölinn, verður að játa, að það er miklu fremur til afturhalds en framfara, en þó hefir tekizt – náttúrlega með góðum (!!) ráðum og tilstilli einstakra þjóðholtra spekinga – að fá það í lög leitt. Það er sjaldgæft, að hafa á slíkan hátt troðið undir fótum almenningsróm og þjóðarvilja. Það hafa nú í mörg ár komið blaðagreinir og bænaskrár, sem berlega hafa sýnt, að íslenska þjóðin hefir viljað, að hinir ungu menntamenn hennar fengju nokkura uppfræðingu, sem svarar tímans þörfum, en á braut væri numið hið endalaus og óþarfa latneska málfræðistagl, sem hingað til hefur viðgengist til stórleiðinda og skaða fyrir sjálfa lærisveinana ...¹⁰²

Í *Þjóðólfi* árið 1877 voru kennarar gagnrýndir fyrir að skorta þekkingu á fornöldinni og af þeirri ástæðu eru þeir sagðir grafa sig niður í „tómt grammatíkur þauf, beygingar og hneiðingar, langar þulur og orðarunur, sem pilturinn er kvalinn og pindur til að læra utan að og verja til þess tíma og kröptum, til þess að gleyma því jafnskjótt og hann er skropinn yfir stúdentapröskuldinn.“¹⁰³

4.5 Fornmálin á undanhaldi – frá lærðum skóla til almenns menntaskóla

Undir lok nítjándu aldar varð krafan um gagngerar breytingar á tungumálanáminu í Lærða skólanum æ háværarí. Ítrekað var fjallað

¹⁰² „Nokkur orð um skólamál“, *Norðanfari* 17(31–32)/1878, bls. 61.

¹⁰³ „Um frumvarp skólanefndarinnar“, *Þjóðólfi* 29(10)/1877, bls. 39.

um málið á alþingi og í umræðum var undirstrikað að óhóflegum tíma eða u.þ.b. þriðjungi kennslutímans væri varið til kennslu forn-málanna og að þau yrðu að víkja fyrir nýju málunum. Af forn-málun-um var latínan talin mikilvægari en grískan vegna gagnsemi hennar við kennslu nýju málanna. Ef óhjákvæmilegt yrði að fækka tímum í latínu var lagt til að dregið yrði úr stílaæfingum eða þær aflagðar. Árið 1902 var borin fram þingsályktunartillaga þess efnis að gríska yrði afnumin sem skyldugrein, latneskir stílar aflagðir og að kennslu-tímum í latínu yrði fækkað til mikilla muna.¹⁰⁴ Í umræðum um notagildi tungumála kom fram að ekki þótti nægilegt að nemendur gætu skilið mikilvæg tungumál, eins og t.d. ensku og dönsku, á bók heldur væri ekki síður mikilvægt að þeir yrðu færir um að tala þau og skrifa, þ.e. að tjá sig í ræðu og riti. Skapa þyrfti svigrúm fyrir færni-þjálfun og því væri óhjákvæmilegt að draga úr vægi forn-málanna. Slíkt væri auk heldur engin goðgá þar sem forn-málin hefðu hvorki nægilegt vísindalegt né praktískt gildi til að réttlæta að svo miklum tíma væri varið til kennslu þeirra. Menntunargildi þeirra gæti tæpast talist mikilvægt nema fyrir málfræðinga og þá sem stúdera þau „philosophískt“ og „comparatívt“ en þar sem einungis örfáir nemend-ur veldu slíkar leiðir væri ekki réttlætanlegt að allir verðu dýrmætum tíma sínum til að læra forn-málin. Og hefði tungan sjálf í eðli sínu menntunargildi sem menningarmiðill þá mætti allt eins njóta þeirrar menntunar með því að læra nýju málin þar sem klassískar bók-menntir hefðu þegar verið þýddar á höfuðtungur á borð við þýsku og ensku.¹⁰⁵ Í umræðum á alþingi árið 1903 kom fram að auk dönsku þykja „kúltúrmálin“ þrjú, þ.e. enska, franska og þýska, mikilvæg og af þeim enska mikilvægust. Ekki er álitnið raunhæft að nemendur geti náð nægilega góðum tókum á þeim öllum og því lagt til að þýska hafi meira vægi en franska þar sem hún sé skyldari íslensku. Þá er bent á að Þjóðverjar standi flestum öðrum þjóðum frammar í vísindum og þekkingu og að á þessa tungu séu þýddar allar helstu vísindabækur og bestu rit annarra þjóða. Ítrekað er að tungumálanámið skuli stuðla að því að nemendur geti notað málin í hagnýtum tilgangi jafnt í ræðu sem riti. Bent er á góðan árangur af enskukennslu á Möðruvöllum og hún sögð hagnýtari en kennslan í Lærða skólanum:

¹⁰⁴ *Alþingistíðindi* 1902, C-deild, bls. 229–230.

¹⁰⁵ *Alþingistíðindi* 1902, A-deild, bls. 193–203.

Það er t.d. undarlegt, að stúdent frá latínuskólanum, sem lært hef-
ir ensku í fjóra vetur, skuli ekki geta talað og skrifað ensku, eins
vel og piltar frá Möðruvallaskólanum, sem þó hafa „faktískt“ lært
minna í málinu. Aftur á móti mundi latínuskólastúdent vera
miklu færari í að þýða málið eftir bók. En þetta sýnir að kenslan er
ekki, eins og hún ætti að vera; hún er ekki nógu „praktísk“, og
kemur þar af leiðandi nemandanum ekki að nægilegu haldi í líf-
inu.¹⁰⁶

Rétt er að benda á að í Möðruvallaskóla virðist hafa verið farin ný
leið í enskukennslu sem svipar til nálgunar beinu aðferðarinnar þar
sem áhersla var lögð á talmál og hagnýta notkun málsins.¹⁰⁷

Þær breytingar sem Íslendingar vildu gera höfðu gengið á svig
við reglur um inntöku í sumar deildir við Hafnarháskóla en sú var
ekki lengur raunin er *Lov om højere Almenskoler* tóku gildi í apríl
1903 þar sem kveðið var á um að nýju málin, náttúruvísindi og
stærðfræði yrðu aðalnámsgreinar skólanna og þeir almennir frem-
ur en lærðir.¹⁰⁸ Árið 1904 tók ný reglugerð gildi til bráðabirgða á
grundvelli dönsku laganna. Nafni Lærða skólans var breytt og
fékk hann nú heitið Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Var
honum skipt í tvær þriggja ára deildir: gagnfræðadeild og lær-
dómsdeild. Grískukennsla var aflögð en gríska hafði áður verið
kennd í 25 stundir á viku samtals öll námsárin. Tímar í latínu
höfðu verið á bilinu 44–47 en þeim var nú fækkað í 19. Tímarnir
sem spöruðust voru nýttir til að auka kennslu í nýju málunum,
þ.m.t. dönsku. Mest var aukningin í ensku þar sem tímum var
fjölgað úr 10 í 30. Í dönsku hafði fjöldi vikustunda verið 14 en
varð nú 18. Þýska var einungis kennd í lærdómsdeild og stundum
fækkað úr 14 í 12. Fyrir breytinguna 1904 var franska kennd í 10
vikustundir, þ.e. 5 stundir á viku í tveimur efstu bekkjunum, en
þær urðu 8 eftir breytinguna.

¹⁰⁶ *Alþingistíðindi* 1903, A-deild, bls. 526–527.

¹⁰⁷ Steinunn Einarisdóttir, *English as a 'Fourth Language'*, bls. 114; Auður Hauksdóttir, „Stiklur úr sögu enskukennslu“, *Teaching and Learning English in Iceland*, ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, 2007, bls. 15–50, hér bls. 22–23.

¹⁰⁸ Kristinn Ármannsson, „1. Þróun lærðu skólanna og menntaskólanna Norðurlöndum 1846–1946“.

Í gagnfræðadeildinni skyldi kenna dönsku og ensku og það má glögglega sjá í reglugerðinni að á þessu stigi er tungumálanáminu ætlað að vera hagnýtara en áður hafði sést. Nú er auk þýðinga á íslensku lögð áhersla á að nemendur tileinki sér góðan framburð og geti svarað innihaldsspurningum og fjallað um efni textanna á markmálinu. Þá skulu þeir ná leikni í að rita málið rétt og læra aðalatriði danskrar/enskrar málfræði.¹⁰⁹ Árið 1907 var gefin út prófreglugerð fyrir gagnfræðadeild og þar kemur áherslan á hagnýta málnotkun enn skýrar í ljós. Í báðum málunum er tekið fram að prófa skuli nemendur bæði munnlega og skriflega. Þannig skulu þeir prófaðir munnlega í stuttum auðveldum ólesnum texta og skal prófað sumpart með samtali á markmálinu eða endursögn og sumpart með þýðingum á íslensku til að ganga úr skugga um að nemendur skilji textann. Málfræðina skal einnig kenna með tilliti til hagnýtrar notkunar málsins en í reglugerðinni segir að nemendur skuli prófaðir í málfræði með því að láta þá setja saman smásetningar. Í skriflega þættinum fólst prófið í að snúa hæfilegum kafla úr dönsku og ensku.¹¹⁰

Árið 1908 var reglugerðin fyrir lærdómsdeild Hins almenna menntaskóla gefin út staðfest af konungi og er í henni að finna nákvæmari markmiðslýsingar fyrir kennslugreinarnar. Hér má sjá nokkrar athyglisverðar breytingar þar sem tjáning er í fyrirrúmi auk áherslu á þekkingu á menningu og þjóðfélagi samtímans. Um dönskuna segir að kennslan skuli vera munnleg og skrifleg og að nemendur eigi að læra að lesa málið með góðum framburði, tala það viðstöðulítið og rita það viðunanlega. Þá er tekið hér fram að nemendur skuli öðlast þekkingu á merkustu höfundum Dana og Norðmanna, einkum frá síðari tímum, og læra stutt ágrip af bókmenntasögu þeirra. M.ö.o. á dönskunámið ekki að einskorðast við danska menningu og tungu heldur einnig að taka til norsku. Nemendur skulu vandir við að tala dönsku og stöku sinnum skrifa bréf á málinu. Enska skal kennd bæði skriflega og munnlega. Lesa skal 1) leikrit eftir Shakespeare, 2) ensk ljóð, einkum frá nítjándu öld og 3) rit merkra enskra rithöfunda í óbundnu máli frá sama tíma.

¹⁰⁹ „Auglýsing um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna menntaskóla í Reykjavík“, *Stjórnartíðindi* 1904, A-deild, bls. 40–42.

¹¹⁰ „Prófreglugjörð fyrir gagnfræðadeild hins almenna menntaskóla í Reykjavík“, *Stjórnartíðindi* 1907, B-deild, bls. 57–58.

Töluverður hluti efnisins skal vera sagnfræðilegs og stjórnmálalegs eðlis svo að nemendur fái innsýn í mikilvæg atriði í sögu Englands og stjórnarfar landsins. Þá skulu nemendur kynnst helstu dráttum í bókmenntasögu Englendinga og vita deili á rithöfundum sem þeir lesa. Tekið er fram að nemendur skuli einnig lesa létt nútíðarmál, einkum skáldskaparlegs eðlis, sem sé með endursögn vel til þess fallið að temja þeim daglegt mál Englendinga. Í kennslustundum skulu nemendur vandir við að tala ensku og rita hana með endursögnum, ritgerðum á ensku og bréfaskrifum. Um þýsku segir að nemendur skuli læra góðan framburð og meginatriði þýskrar málfræði. Textar skulu ýmist lesnir vandlega eða hraðlesnir og haldnar skriflegar æfingar einu sinni í mánuði. Í tímum skulu viðhafðar léttar munnlegar æfingar. Um frönsku segir að nemendur skuli læra góðan framburð á málinu og tileinka sér meginatriði frakkneskrar málfræði. Þeir skulu lesa texta vandlega og viðhafa í kennslustundum léttar munnlegar æfingar.¹¹¹

5. Lokaorð

Upphaf kennslu erlendra tungumála í íslenskum skólum má rekja til stólsskólanna á Hólum og í Skálholti. Námið var geistlegt og forn málin, einkum latína, skipuðu þar öndvegissess auk þess sem þar var kennd hebreska. Latína var samskiptamál lærðra manna og kennslumál í Hafnarháskóla langt fram á átjándu öld. Auk þess var stór hluti námsefnisins í æðri skólum á þessu máli. Tungumálanámið í latínuskólunum hélst lengi með svipuðu sniði en breytingar urðu í skólastarfinu þegar bein tengsl kirkju og skóla rofnuðu. Á síðari hluta átjándu aldar dró mjög úr vægi latínunnar og kennsla á móðurmálinu færðist í vöxt. Þjóðernisvæðingu tungumála og menningar fylgdi aukin bókaútgáfa á móðurmálinu, jafnt fagurbókmennta sem kennslubóka og fræðiritra. Framfarir í vísindum og tækni og aukin samskipti þjóða juku þörfina fyrir tungumálakunnáttu og eflði áhugann á nýju málunum.

¹¹¹ „Auglýsing um reglugjörð fyrir lærdómsdeild hins almenna menntaskóla í Reykjavík“, *Stjórnartíðindi* 1908, A-deild, bls. 12–26, hér bls. 14–16.

Danska var kennd í stólsskólunum og í Bessastaðaskóla en umfang hennar óx til mikilla muna með tilkomu Reykjavíkurskóla árið 1846. Vegna náinna tengsla Dana og Þjóðverja var mest áhersla lögð á kennslu þýsku af nýju málunum. Þýska var skyldunámsgrein í Reykjavíkurskóla frá upphafi en enska og franska voru valgreinar framan af. Stór hluti námsefnisins í lærðu skólunum var á dönsku og dönskukunnátta var forsenda frekara náms. Þegar inntökupróf við Hafnarháskóla var aflagt árið 1850 þurfti Lærði skólinn að tryggja að stúdentar byggju yfir nægilegri dönskukunnáttu til að takast á við háskólanám í Danmörku.

Á síðari hluta nítjándu aldar áttu sér stað líffleg og allvítæk skoðanaskipti í Þjóðfélaginu um gildi tungumálakunnáttu og þótti hin ríka áhersla, sem lögð var á kennslu fornmalanna, ekki í samræmi við þarfir tímans. Í ljósi vaxandi samskipta við aðrar þjóðir var lögð áhersla á að auka kennslu í nýju málunum. Þannig kölluðu samskipti við Breta og ferðir til Vesturheims á enskukunnáttu og vegna fiskveiða Frakka við Íslandsstrendur og samskipta embættismanna við franska menn var hvatt til frönskunáms.

Markmiðið með kennslu latínu var öðrum þræði menningarlegs eðlis, þ.e. að gefa nemendum innsýn í hinn klassíska menningararf, og á hinn bóginn hagnýtt, þ.e. að nemendur gætu notað latínu til náms og vísindaiðkunar og til samskipta við lærða menn. Mikil áhersla var lögð á lestrarfærni á latínu enda stór hluti námsefnis latínuskólanna á því máli. Með undanhaldi latínunnar tóku nýju málín yfir þessi ólíku hlutverk hennar. Þannig urðu danska, þýska og enska og að nokkru leyti franska lykill Íslendinga að háskólanámi í stað latínu áður og lestrarfærni gerði Íslendingum kleift að lesa sér til gagns og gamans á þessum málum. Í stað hins klassíska menningararfs beindist áhuginn að menningu og bókmenntum rituðum á nýju málunum. Röksemdirnar fyrir latínukennslunni breyttust með tilkomu nýju málanna með því að litið var á hana sem eins konar grundvöll tungumálanáms og forsendu samanburðar milli mála.

Veigamikil rök fyrir því að kenna tiltekið tungumál voru skyldleiki þess við móðurmálið og í því ljósi þótti skynsamlegt að kenna fyrst þau tungumál sem skyldust eru íslensku. Þá laut tungumálakennslan einnig að sjálfsmynd og stolti Íslendinga þar sem það var talin sjálfsögð kurteisi að geta átt samskipti við erlenda menn á

móðurmáli þeirra, hvort heldur sem um var að ræða ferðamenn eða kaupahéðna. Bein samskipti við útlendinga kölluðu á hagnýta tungumálakunnáttu sem leiddi til breyttra markmiða þar sem áhersla var lögð á tjáningu í ræðu og riti og lestur samtímatexta, m.a. um bókmenntir og samfélag.

Þegar líða tók á nítjándu öldina festu nýju málin sig æ meira í sessi en straumhvörf urðu með breytingum á Lærða skólanum í byrjun tuttugustu aldar. Þá var grískukennsla aflögð og verulega dregið úr latínukennslu en enska varð höfuðgrein í hinum nýja gagnfræða- og menntaskóla.

„Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,“ kvað Einar Benediktsson um aldamót. Þegar horft er til framtíðar við upphaf nýs árþúsunds er ekki úr vegi að íhuga hvaða lærdóm má draga af sögu tungumálakennslu hér á landi. Kunnátta í erlendum tungumálum er lykill Íslendinga að öllum samskiptum við útlendinga jafnt heima sem heiman og sem fyrr skiptir máli hvaða þjóðir við eigum í nánustum samskiptum við og hvers eðlis þau eru. Rétt eins og fornmálin áður opnar kunnátta í nýju málunum okkur dyr að menningu annarra landa og stuðlar um leið að menningarlegum fjölbreytileika og auðugra lífi einstaklinga og þjóðar.

Rökin fyrir því að kenna þau tungumál, sem skyldust eru íslensku og auðvelda samskipti við þær þjóðir sem tengdastar eru menningu okkar í sögu og samtíð, virðast augljós. Og enginn velkist í vafa um hve mikill ávinningur það er að kynnast af eigin raun höfuðtungum álfunnar og þeirri fjölskrúðugu menningu sem þeim tengist, svo ekki sé minnst á þau tækifæri til náms og starfa sem í tungumálakunnáttunni felast.

Það viðhorf að kurteisi felist í því að geta átt samskipti við erlenda menn á móðurmáli þeirra er enn í fullu gildi. Slíkt viðhorf er t.d. grundvallaratriði í ferðaþjónustu og einatt þegar hagsmunir eru í húfi. Fornmálin eru sem endranær lykill að bókmenntaarfi álfunnar og ógrynni heimilda frá liðinni tíð. Við samanburð tungumála er latínan og mikilvæg.

Kunnátta í nýju málunum og í enn nýrri málum er og verður nauðsynlegur lykill að námi og öllum samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Engum blandast hugur um hvílíkur veigur það hefur verið fyrir þróun íslensks þjóðfélags að hafa haft á að skipa góðum mála-

mönnum sem báru með sér reynslu og þekkingu eftir nám og dvöl erlendis. Hvarvetna má finna dæmi um jákvæð áhrif tungumálakunnáttu í þjóðfélaginu, hvort heldur er í menningu, listum, vísindum eða atvinnulífi. Og ekki má gleyma þeim tækifærum til náms og starfa og þeim lífsgæðum sem góð tungumálakunnátta hefur fært fjölda einstaklinga. Dæmin sanna að sá grunnur að tungumálakunnáttu, sem lagður var í íslenskum skólum, hefur gert gæfumu-
 muninn í lífi margra einstaklinga. Nú ríður á að sá áhugi, víðsýni og metnaður, sem einkenndi viðhorf eldri kynslóða, varði veginn við ákvörðunartöku um framtíð tungumálakennslu á Íslandi.

Þakkir

Sérstakar þakkir eru færðar Guðlaugi R. Guðmundssyni og Sigurði Péturssyni fyrir góðar ábendingar við ritun greinarinnar. Einnig eru ritstjórum bókarinnar og nafnlausum ritrýnum þakkaðar þarf-
 ar ábendingar og gagnlegar athugasemdir.

ABSTRACT

From Classics to Moderns An Historical Perspective on Foreign Language Instruction

Foreign language instruction in Icelandic schools began in the episcopal seminaries at Hólar and Skálholt, where the emphasis was on classical languages, Latin in particular. Latin was the lingua franca of scholars and language of instruction at the University of Copenhagen, where most Icelanders would receive their further education, well into the eighteenth century. During the latter half of that century the influence of Latin began to ebb, while instruction and publishing in the vernacular increased.

Danish was taught at both the seminaries and at Bessastaðir, but its importance increased substantially with the establishment of the grammar school in Reykjavík in 1846, as knowledge of Danish was required for study at the University of Copenhagen. German was compulsory at the Reykjavík Grammar School from its inception, while English and French were at first optional subjects.

During the latter half of the nineteenth century, following active debate on the value of foreign language ability, emphasis on teaching modern languages increased. As modern languages gradually assumed various roles formerly served by Latin, interest in the Greco-Roman classical heritage was also replaced by a focus on the literature and culture of modern languages. Direct exchanges with foreigners demanded practical linguistic ability, which led to changes in the objectives of language instruction. More emphasis was placed on oral and written expression and reading of contemporary texts, for instance, on literature and society.

By the end of the nineteenth century, as modern languages grew steadily in importance, changes to the grammar school curriculum marked a decisive turning point.

